FRÉTTABLAÐIÐ

272. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 29. DESEMBER 2020

Fyrstu skammtarnir af langþráðu bóluefni við COVID-19 komu til landsins í gær. Flogið var með þá með einkavél frá Amsterdam til Keflavíkurflugvallar og ekið í lögreglufylgd í húsnæði dreifingarfyrirtækisins Distica í Garðabæ, þar sem komu þeirra var fagnað. Ekki fór mikið fyrir skömmtunum en mjór er mikils vísir og á næstunni berast fleiri skammtar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Vilja skylda bólusetninguna

Fyrstu skammtar af bóluefni gegn COVID-19 eru komnir til landsins. Sex af hverjum tíu eru sammála því að bólusetning gegn kórónaveirunni eigi að vera skylda hér á landi. Fjórðungur er á móti því.

COVID-19 Sex af hverjum tíu sem taka afstöðu eru sammála því að bólusetning gegn COVID-19 eigi að vera skylda hér á landi. Þetta kemur fram í niðurstöðum nýrrar könnunar sem Zenter rannsóknir unnu fyrir Fréttablaðið.

34 prósent þeirra sem svara eru mjög fylgjandi bólusetningarskyldu og 24 prósent eru frekar sammála. Tæpur fjórðungur er ósammála því að skylda eigi fólk til bólusetningar gegn COVID-19, tíu prósent eru mjög ósammála og fjórtán prósent frekar ósammála. Fjórtán prósent segja hvorki né, fjögur prósent svarenda taka ekki afstöðu.

Bólusetning verði skylda fyrir alla



Fyrstu skammtar bóluefnis frá Pfizer og BioNTech komu hingað til lands í gærmorgun. Um er að ræða tíu þúsund skammta. Fleiri skammtar, frá fleiri framleiðendum, eru væntanlegir til landsins á nýju ári.

Byrjað verður að bólusetja íbúa hjúkrunarheimila og framlínufólk í heilbrigðisþjónustu. Ítrekað hefur komið fram á upplýsingafundum almannavarna að fólk verður ekki skyldað til að láta bólusetja sig, þá er bólusetning gjaldfrjáls.

Fram kom í könnun sem Gallup framkvæmdi í september og í könnun Maskínu frá því fyrr í mánuðinum að níu af hverjum tíu muni þiggja bólusetningu við COVID-19. Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir hefur sagt að til að ná hjarðónæmi þurfi þátttöku 70 prósenta landsmanna.

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra segir að hún treysti á samstöðu landsmanna þegar kemur að bólusetningu.

„Landsmenn hafa að jafnaði tekið þátt í bólusetningum af mikilli ábyrgð. Það er mín skoðun að rétt sé að treysta hér eftir sem hingað til á öfluga samstöðu í samfélaginu í glímunni við COVID-19.“

– ab / sjá síðu 6

Munu kæra verðhækkanir

STJÓRNSÝSLA Skjólstæðingar Samtaka iðnaðarins íhuga að kæra hækkanir á gjaldskrá Sorpu ef eigendurnir, sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, standa við fyrirhugaðar hækkanir sem taka eiga gildi í byrjun árs.

Helgi Lárusson, framkvæmdastjóri Endurvinnslunnar, segir að gjaldið fyrir móttöku á gleri muni hækka um 267 prósent um mánaðamótin sem verði verulega íþyngjandi. Sorpa sé opinbert fyrirtæki og því eigi gjaldskráin að reiknast út frá kostnaði við veitta þjónustu.

Fyrirtækið hafi ekki getað sýnt fram á aukinn kostnað þrátt fyrir ítrekaðar óskir. „Okkar efni kemur hvergi nærri gas- og jarðgerðarstöðinni sem forsvarsmenn Sorpu segja að valdi hækkuninni,“ segir Helgi. Ef hækkanirnar standi verði fyrirtækið að leita réttar síns. – bþ / sjá síðu 8

Höfða mál til að eignast kirkju

DÓMSMÁL Hofssókn hefur höfðað eignardómsmál fyrir Héraðsdómi Norðurlands vestra þar sem farið er fram á að sókninni verður dæmdur eignarréttur að Hofskirkju. Auglýsing þess efnis birtist í Lögbirtingablaðinu í gær en það er lögmaðurinn Gestur Jónsson sem rekur málið.

Hofskirkja stendur á lögbýlinu Hofi á Höfðaströnd en eigandi þess er athafnakonan Lilja Pálmadóttir. Í stefnunni kemur fram að á aðalsafnaðarfundi Hofssóknar árið 2019 hafi verið ákveðið að afhenda eignarhaldsfélagi Lilju, Hofstorfunni slf., Hofskirkju.

Í framhaldinu hafi þó komið í ljós að enginn þinglýstur eigandi var skráður að kirkjunni hjá Fasteignaskrá Íslands og því þarf sóknin að höfða mál til að geta með löglegum hætti gefið kirkjuna. Reikna má með að málshöfðunin sé formsatriði því í stefnunni kemur fram að gögn sýni fram á að Hofssókn hafi fengið kirkjuna í sínar hendur árið 1915 og hafi því hagnýtt kirkjuna í sínu starfi í 105 ár og greitt af eigninni skatta og skyldur. **– þb**

Umferð á rýmingarsvæðinu er nú heimil að hluta með skilyrðum.

Rýmingu aflétt á hluta bæjarins

NÁTTÚRUHAMFARIR Síðdegis í gær var rýmingu húsa á Seyðisfirði aflétt að hluta. Þá var umferð á rýmingarsvæðinu heimiluð með skilyrðum. Þetta kemur fram í tilkynningu frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og lögreglustjóranum á Austurlandi.

Fram kemur að mælingar Veðurstofunnar á upptakasvæðum skriðanna sýni að stöðugleiki virðist hafa vaxið og hefur úrkoma undanfarið ekki breytt því. Þá hafi engin hreyfing orðið á svæðinu upp á síðkastið og vatnshæð í borholum óbreytt.

Enn er í gildi rýming á hluta bæjarins og tekur hún til tuga húsa.

Enn er þó í gildi rýming á hluta bæjarins og tekur hún til tuga húsa. Ráðgert er að mat verði aftur lagt á stöðuna í dag og á morgun. **– þb**

Allt klárt

Hjá Björgunarsveitinni Ársæli á Grandagarði í Reykjavík voru flugeldasölumenn tilbúnir fyrir vertíðina seinni hluta dags í gær. Ef að líkum lætur verður handagangur í öskjunni þegar dregur nær gamlársdegi. Blikur eru þó á lofti um framtíð flugeldasölu. Sjá nánar síðu 8 FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Hæsta úthlutun afrekssjóðs ÍSÍ

ÍÞRÓTTIR Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands mun úthluta 515 milljónum króna úr afrekssjóði til sambandsaðila á nýju ári. Um er að ræða hæstu úthlutun afrekssjóðs ÍSÍ frá upphafi en ástæðuna má meðal annars rekja til áhrifa COVID-19 á alþjóðlegt afreksstarf.

Framlag ríkisins til afrekssjóðs verður 392 milljónir króna á næsta ári.

Fjölmargir alþjóðlegir viðburðir féllu niður eða var frestað á árinu og því þurfti að fella niður hluta af fyrri styrkveitingu til sérsambanda. Þeim fjármunum er nú úthlutað til sérsambanda samkvæmt reglugerð sjóðsins. Framlag ríkisins til afrekssjóðs verður 392 milljónir króna á næsta ári en að öðru leyti er sjóðurinn fjármagnaður af tekjum íþróttahreyfingarinnar frá Íslenskri getspá **– þb**

Eldri borgarar nýti sér netið til að spila bridge

Helstu bridgemótum landsins hefur ýmist verið frestað eða þau verið færð á netið í faraldrinum. Bridgesambandið hefur kennt eldri borgurum að spila á netinu. Vissulega sé það ekki jafn félagslegt en það getur opnað nýjan heim.

SAMFÉLAG Líkt og aðrir hafa bridgeunnendur þurft að aðlaga sig nýjum veruleika og fara nú allir leikir fram á netinu. Þar á meðal stórmót Bridgefélags Reykjavíkur, sem fer fram á morgun, og búist er við fleiri en 200 spilurum. Bridgesambandið tók nýlega ákvörðun um að fresta Bridgehátíðinni í Hörpu sem halda átti í janúar. En vonast er til að geta haldið hana í byrjun maí. „Ef guð og COVID leyfa," segir Jafet S. Ólafsson, forseti sambandsins. Á þessu ári tóku 450 manns þátt í hátíðinni, þar af 150 útlendingar.

Jafet áætlar að um 20 þúsund manns spili bridge á Íslandi. Tólf félög eru starfrækt um land allt og margir litlir klúbbar. Í húsnæði sambandsins í Síðumúla er vanalega spilað næstum alla daga og öll kvöld og fjölmörg mót haldin allan ársins hring, ef frá er skilið hásumarið. En faraldurinn hefur sett strik í reikninginn.

„Þetta er búið að vera hræðilegt ár fyrir bridgeunnendur, að geta ekki hist og spilað í samanlagt um fimm mánuði. Það sem bjargar okkur er að það er hægt að spila á netinu. En það kemur þó ekki til móts við að hittast og spila augliti til auglitis," segir Jafet.

Þetta kemur einna harðast niður á eldri borgurum, sem hafa mikinn áhuga á bridge.

„Bridge er gott spil fyrir eldri borgara. Þetta er gott félagsnet og ryfur einangrun. Það er ekki nóg að hreyfa skrokkinn heldur þarf að þjálfa heilann líka og rannsóknir sýna að bæði bridge og skák hægja á ellihrörnun," segir Jafet.

Til eru tveir stórar netsíður þar sem fólk getur spilað, bridgebase.com og funbridge.com. Einnig er hægt að finna kennsluefni á bridge.is. Jafet segir að það gangi ágætlega að kenna eldra fólki að nýta sér þetta þó að sumir af eldri kynslóðinni séu ekki vanir að nota tölvu.

Mikill fjöldi spilaði á Bridgehátíðinni í Hörpu í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ef maður er heppinn og dálítið góður getur maður rambað á Bill Gates.

Jafet S. Ólafsson, forseti Bridgesambands Íslands

Jafet segir að vissulega glatist félagslegi þátturinn að stórum hluta við að spila á netinu. Makkerinn megi ekki vera á sama stað til að koma í veg fyrir svindl. Netspilun geti þó einnig opnað nýjan heim fyrir mörgum, enda hægt að spila við fólk frá öllum löndum. „Ef maður er heppinn og dálítið góður getur maður rambað á Bill Gates. Hann gengur undir nafninu Iron Man," segir Jafet. Gates líti á bridge sem bestu hvíldina frá amstri dagsins og spili um tvo tíma á dag.

Landslið Íslands hefur einnig fært sig yfir á netið og spilað nokkra leiki á árinu, en Evrópumótinu sem halda átti í Portúgal í sumar var frestað um ár. Jafet segir Ísland enn mjög hátt skrifað eftir heimsmeistaratitilinn árið 1991 í Yokohama, þó að vissulega væri gott að fá meira af yngra fólki inn. „Bermúdaskálin fræga, hún lifir, og við ætlum að halda vel upp á 30 ára afmælið í haust," segir hann. Einn úr því liði, Jón Baldursson, var á síðasta ári tekinn inn í frægðarhöllina.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Tökum höndum saman, fögnum nýju ári og Skjótum rótum

Með því að kaupa Rótarskot styður þú íslenska skógrækt og mikilvægt starf björgunarsveitanna. Fyrir hvert Rótarskot sem við seljum gróðursetja sjálboðaliðar okkar tré vítt og breitt um landið í samstarfi við Skógræktarfélag Íslands.

>> Rótarskot fást á flugeldamörkuðum björgunarsveitanna

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Skiptar skoðanir um minnihlutastjórn í stjórnarandstöðu

STJÓRNMÁL Ekki stendur til að boða til þingfunda á milli jóla og nýárs, hvorki til að ræða meint sóttvarnabrot Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra né bóluefnakaup Íslendinga.

Þetta sagði Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis, í samtali við Fréttablaðið eftir fund hans með formönnum þingflokka í gær. Hann hafði enda efasemdir um að meirihluti væri fyrir því að kalla þing saman á þessari stundu en samkvæmt þingsköpum verður forseti að kalla þing saman komi fram krafa um það frá meirihluta þingmanna.

„Annars vegar kom beiðni frá formanni Miðflokksins á Þorláksmessu um að þing kæmi saman til að ræða bólusetningar og bóluefni og síðan bættist við beiðni frá formanni Samfylkingarinnar og fleirum vegna þátttöku Bjarna Benediktssonar í viðburði á Þorláksmessu," sagði Steingrímur.

Píratar vilja styðja minnihlutastjórn VG og Framsóknar, með skilyrðum, en Viðreisn og Samfylkingin efast um þá leið.

Píratar hafa lýst yfir áhuga á að verja minnihlutastjórn VG og Framsóknar falli, gegn því að kosið verði í vor og að breytingarákvæði í stjórnarskrá verði tekin til meðferðar.

Svandís Svavarsdóttir vildi ekki tjá sig um þá hugmynd í samtali við Fréttablaðið í gærmorgun, en líkt og í flestum þingflokkum var fundað í þingflokki VG í gær.

„Eins og ég segi ætla ég ekki að tjá mig um svona stakar hugmyndir. Ég held að við þurfum bara að fá aðeins ráðrúm til að stilla saman strengi," sagði Svandís.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, lýsti sig í gær andsnúna því að verja minnihlutastjórn falli og heimildir blaðsins herma að Samfylkingin sé sama sinnis. **– oæg**

Útgefið byggingarleyfi á lóð Skólavörðustígs 36 hefur verið ógilt.

Fyrirhugað hús reynist of stórt

SKIPULAGSMÁL Byggingarleyfi fyrir þriggja hæða húsi á Skólavörðustíg 36 hefur verið ógilt af úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Byggingarfulltrúinn í Reykjavík veitti í október síðastliðnum leyfi fyrir áður framkvæmdu niðurrifi húss á Skólavörðustíg 36 og til að byggja þar þriggja hæða steypt hús með verslunarhúsnæði á jarðhæð og einni íbúð á annarri og þriðju hæð. Eigandi Skólavörðustígs 30 kærði leyfisveitinguna.

Því sé byggingarleyfið ekki í samræmi við ákvæði laga og ákvörðun byggingarfulltrúans um að veita leyfið felld úr gildi.

Úrskurðarnefndin segir að samkvæmt deiliskipulagi sé heimilað nýtingarhlutfall lóðarinnar 1,3. Það myndi heimila allt að 281,5 fermetra hús. Samkvæmt byggingarleyfinu eigi nýja húsið hins vegar að vera 314,8 fermetrar og nýtingarhlutfallið yrði þannig 1,45. Því sé byggingarleyfið ekki í samræmi við ákvæði laga og ákvörðun byggingarfulltrúans um að veita leyfið felld úr gildi. **– gar**

Hafna því að stytta rannsókn á fuglum vegna vindorkuvers

Leggja á varúðarsjónarmið til grundvallar þegar metin eru umhverfisáhrif af 21 vindmyllu í Gilsfirði, segir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála sem synjaði kröfu EM Orku um að ógilda ákvörðun Skipulagsstofnunar um að rannsaka þurfi fuglalíf svæðisins í að minnsta kosti tvö ár fyrir framkvæmdir.

UMHVERFISMÁL Kröfur Skipulagsstofnunar um að gerðar verði rannsóknir í að minnsta kosti tvö ár á fuglalífi á svæði undir fyrirhugaðan vindmyllugarð í Garpsdal í Gilsfirði eru réttmætar.

Þetta segir úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála sem hafnar kröfu EM Orku um að ógilda ákvörðun Skipulagsstofnunar um þetta efni.

Einkahlutafélagið EM Orka hyggst reisa 21 vindmyllu til raforkuframleiðslu á jörðinni Garpsdal í norðanverðum Gilsfirði. Kemur fram að um sé að ræða 130 MW vindorkuver og að vindmyllurnar verði 150 metrar á hæð og að þær eigi að vera í 500 metra hæð yfir sjávarmáli á 437 hektara framkvæmdasvæði.

Í matsáætlun fyrir vindorkuverið gerði Skipulagsstofnun meðal annars kröfu um svokallaðar sjónmælingar vegna fugla til að minnsta kosti tveggja ára og um skráningu ferða arnarunga.

„Leggja þarf mat á töpuð búsvæði með þéttleikamælingum í mismunandi búsvæðum á tímabilinu 1. til 15. júní. Upplýsa þarf um það hvaða fuglar verða helst í árekstrarhættu við vindmyllur og hver eru líkleg afföll þeirra," segir í matsáætluninni.

EM Orka krafðist þess að úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála myndi fella þessa ákvörðun úr gildi og leggja í staðinn fyrir Skipulagsstofnun að breyta skilyrðum um sjónmælingar í tólf til átján mánuði sem fyrirtækið segir vera í samræmi við bestu starfsvenjur.

Vindorkuver EM Orku í Gilsfirði inn af Breiðafirði



Vindorkuverið á að vera í 500 metra hæð yfir sjávarmáli í landi Garpsdals í Gilsfirði. Með spöðunum eru vindmyllurnar sagðar allt að 150 metra háar.

Fram kemur í umfjöllun úrskurðarnefndarinnar að EM Orka hafi, þegar kæran var lögð fram í júlí í sumar, þá þegar staðið fyrir rannsóknum á ferðum arnarunga í eitt ár í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands.

„Á þessum tíma hafi engir ernir sést í grennd við fyrirhugað framkvæmdasvæði og fyrir liggi að fuglalíf á svæðinu sé fábrotið," vitnar úrskurðarnefndin til sjónarmiða EM Orku sem vísar í viðbótargögnum til skýrslu Náttúrufræðistofnunar Austurlands frá í ágúst á þessu ári og segi að ekkert bendi til annars en að tólf til átján mánuðir séu fullnægjandi rannsóknartími með tilliti til aðstæðna. Krafa Skipulagsstofnunar á fyrirtækið brjóti bæði gegn meðalhófsreglu og jafnræðisreglu.

Úrskurðarnefndin segir í niðurstöðu sinni að skort hafi grunnupplýsingar um fuglalíf á svæðinu sem ætlað er undir vindmyllugarðinn.

Þær niðurstöður sem liggja fyrir hafa því ekki verið sannreyndar með samanburði milli ára.

Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála

„Slíkur skortur leiðir til þess að umhverfisáhrif framkvæmdar verða ekki upplýst nema að takmörkuðu leyti. Er því brýnt að leggja varúðarsjónarmið til grundvallar þegar umhverfisáhrif framkvæmdar eru metin," segir nefndin.

Tekið er fram að rannsóknir Náttúrustofu Austurlands á svæðinu sé vel úr garði gerðar og niðurstöður þeirra taki almennt tillit til varúðarsjónarmiða.

„Sá galli er hins vegar á að rannsóknirnar spanna einungis eitt ár, á tímabilinu apríl til nóvember 2019," segir úrskurðarnefndin og bendir á að til dæmis nægi að um sé að ræða eitt sérstaklega þurrt eða blautt vor til að niðurstöður rannsókna eins árs verði síður marktækar.

„Þær niðurstöður sem liggja fyrir hafa því ekki verið sannreyndar með samanburði milli ára, en það er lykilatriði til þess að möguleg umhverfisáhrif verði metin áður en framkvæmd er leyfð."

gar@frettabladid.is

KRÓNAN

Allt fyrir áramóta veisluna!

Ekkert ves í des

Happ vegan wellington, 800g
2998 kr. pk.

Kalkúnaskip með salvíusmjöri
3989 kr. kg

Lambalæri með villisveppafyllingu
4999 kr. kg

Franklin & Sons drykkir, 200 ml
195 kr. stk.

OPIÐ Á MORGUN 9-21

Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Breyttu um stefnu varðandi bólusetningu starfsfólks í framlínu

COVID-19 Starfsmenn á smitsjúkdómadeild Landspítalans hafa verið teknir inn á forgangslista vegna fyrstu bólusetninga fyrir COVID-19. Fyrir jól hafði starfsmönnum smitsjúkdómadeildarinnar, sem jafnan er kölluð deild A7 á spítalanum, verið tilkynnt að þeir yrðu ekki meðal þeirra fyrstu til að fá bóluefni.

Þessi ákvörðun mæltist misvel fyrir meðal starfsmanna deildar A7, en þeir hafa haft það verkefni að hjúkra hinum allra veikustu sem þurft hafa að leggjast inn á spítala vegna COVID-19.

Alls hafa 316 manns verið lagðir inn á sjúkrahús vegna veikinda sem rekja má til COVID-19 frá því að faraldurinn hóf innreið sína hér á landi. Á mánudag bárust starfsmönnum svo þau skilaboð að þeir yrðu eftir allt saman meðal framlínustarfsmanna til að fá bóluefni með fyrstu skipum. Bólusetningu framlínustarfsmanna verður mögulega lokið áður en árið er úti.

Kveðið er á um forgangsröðun við bólusetningar framlínustarfsmanna heilbrigðiskerfisins í reglugerð. Samkvæmt upplýsingum frá embætti sóttvarnalæknis er nánari útfærsla á hvaða framlínustarfsmenn heilbrigðiskerfisins fá bóluefni fyrstir í höndum stjórnenda Landspítalans.

Fram kom í fréttatilkynningu á heimasíðu heilbrigðisráðuneytisins fyrr í mánuðinum að þeir starfsmenn heilbrigðiskerfisins sem teljast framlínustarfsmenn séu alls um 1.000 talsins. **– thg**

Starfsfólk deildar A7 er nú komið á forgangslista. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Bóluefni frá Pfizer var flogið til landsins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fáum meira af bóluefni Pfizer

COVID-19 Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur ákveðið að gera viðbótarsamning um kaup á 100 milljónum skammta bóluefnisins til viðbótar þeim 200 milljónum sem áður var samið um. Þetta kom fram í fréttatilkynningu frá heilbrigðisráðuneytinu síðdegis í gær.

» ESB semur um kaup á 100 milljónum skammta til viðbótar frá Pfizer.

Með þessum samningi gefst öllum aðildarríkjum færi á að kaupa meira bóluefni frá framleiðandanum. Ísland mun undirrita samning um kaup á á 80 þúsund skömmtum á morgun. Ekki er komin niðurstaða um afhendingu en viðræður framkvæmdastjórnarinnar og Pfizer um það standa enn yfir.

Fyrstu tíu þúsund skammtar bóluefnisins frá Pfizer komu til landsins í gær og bólusetning hefst í dag. Fjórir framlínustarfsmenn Landspítalans verða bólusettir í húsnæði Landlæknis í Katrínartúni klukkan níu fyrir hádegi. Síðar í dag hefjast formlegar bólusetningar á starfsmönnum Landspítalans og íbúum á dvalarheimilum aldraðra. **– ilk**

Vilja skyldu til bólusetningar

Meirihluti þjóðarinnar er sammála því að bólusetning gegn COVID-19 eigi að vera skylda. Andstaða við bólusetningarskyldu eykst með meiri menntun. Kjósendur Pírata og VG líklegastir til að styðja skyldu.

COVID-19 Íbúar á landsbyggðinni eru líklegri en höfuðborgarbúar til að vera sammála því að bólusetning gegn COVID-19 eigi að vera skylda hér á landi, 65 prósent á móti 58 prósentum. Svörin skiptast tiltölulega jafn á milli kynja en konur eru eilítið líklegri en karlar til að vera fylgjandi bólusetningarskyldu.

Einstaklingar 65 ára og eldri eru líklegastir til að vera fylgjandi bólusetningarskyldu, 70 prósent. Sá aldurshópur er í áhættuhópi þegar kemur að smiti, en einstaklingar 60 ára og eldri eru í sjötta forgangshópnum þegar kemur að bóluefni. Mesta andstaðan er í hópi 45 til 54 ára en 30 prósent þeirra eru á móti bólusetningarskyldu á móti 53 prósentum sem eru henni fylgjandi.

Andstaðan mælist 33 prósent í hópi þeirra sem eru með 800 þúsund krónur eða meira í mánaðarlaun, þar eru þó 57 prósent fylgjandi. Andstaðan við bólusetningarskyldu er minnst í hópi þeirra sem eru með 400 til 599 þúsund krónur í mánaðarlaun, 18 prósent á móti 67 prósentum sem eru fylgjandi.

Andstaðan er einnig mest meðal þeirra með þrjú eða fleiri börn á heimili, 33 prósent á móti 58 prósentum sem eru fylgjandi. Minnsta andstaðan er meðal þeirra sem hafa eitt eða engin börn á heimili, 23 prósent á móti 62 prósentum sem eru fylgjandi bólusetningarskyldu.

Eina mynstrið sem sjá má í niðurstöðunum er meiri andstaða eftir því sem menntunarstig er hærra. 31 prósent fólks með framhaldsmenntun úr háskóla er ósammála því að bólusetning gegn COVID-19 eigi að vera skylda hér á landi, 51 prósent er því sammála. 20 prósent fólks með grunnskólapróf eru á móti bólusetningarskyldu, 67 prósent eru henni fylgjandi.

Bólusetningu hefur verið mótmælt víða um heim og hefur bólusetningarskylda víða verið rædd. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

» Eintaklingar 65 ára að aldri eru líklegastir til að vera fylgjandi bólusetningarskyldu.

Þegar litið er til stjórnmálaskoðana eru kjósendur Pírata og Vinstri grænna líklegastir til að styðja bólusetningarskyldu, eða 66 og 65 prósent. Aðeins 11 prósent Framsóknarmanna eru á móti bólusetningarskyldu á móti 63 prósentum sem eru því fylgjandi. 61 prósent Sjálfstæðismanna er fylgjandi bólusetningarskyldu, 25 prósent eru á móti. 31 prósent stuðningsfólks Samfylkingarinnar er á móti en 58 prósent eru því fylgjandi, svipaðar tölur eru hjá stuðningsmönnum Viðreisnar og Flokks fólksins. Mesta andstaðan er meðal stuðningsfólks Miðflokksins, 34 prósent eru á móti bólusetningarskyldu en 60 prósent eru fylgjandi.

Samkvæmt heilbrigðisráðuneytinu er lagaheimild til staðar til að skylda fólk í bólusetningu, en samkvæmt sóttvarnalögum getur ráðherra að tillögu sóttvarnalæknis ákveðið að grípa til sóttvarnaaðgerða, þar á meðal ónæmisaðgerða.

Heimildinni er breytt í frumvarpi heilbrigðisráðherra að sóttvarnalögum, þar hefur verið bætt við að við beitingu ráðstafana skuli gæta meðalhófs og jafnræðis. Þá megi aðeins beita ráðstöfunum í brýnni nauðsyn til verndar heilsu og lífi manna. Lögfræðingar sem Fréttablaðið hefur rætt við telja að með þessum breytingum séu ráðherra settar skorður, þá sé ekki ljóst hvort núverandi ákvæði myndi halda fyrir dómstólum.

Könnunin var send á könnunarhóp Zenter rannsókna og svartími var frá 11. til 19. desember. Í hópnum voru 2.500 einstaklingar á Íslandi, átján ára og eldri og voru svör þeirra vegin eftir kyni, aldri og búsetu. Alls svaraði 1.331, eða 52,8 prósent.

arib@frettabladid.is

ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI, VARA- OG AUKAHLUTAVERSLUN

UMBOÐSAÐILI
Jeep®
RAM
FIAT

ALMENNT BÍLAVERKSTÆÐI OG SMURÞJÓNUSTA FYRIR ALLA BÍLA
ALLIR VINNA - ENDURGREIÐSLA VSK.
FIAT HÚSBÍLAR - ÁBYRGÐAR OG ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI
BREYTINGAR Á JEEP®, RAM OG ÖÐRUM USA PALLBÍLUM
ALLIR BÍLAR SÓTTHREINSAÐIR
STUTTUR BIÐTÍMI SÍMI 590 2323

Pallbílahús frá ARE á alla USA pallbíla

Úrval af felgum fyrir Jeep® og RAM

Upphækkunarsett í Wrangler

Upphækkunarsett í RAM

Falcon demparar

Varahlutaverslun ÍSBAND býður upp á gott úrval vara- og aukahluta og íhluta til breytinga. Allir helstu varahlutir í okkar vörumerkjum eru til á lager. Sérpöntum varahluti í aðra USA bíla.

ARE AEV FALCON TERAFLEX

ISBAND
ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMIÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 07:45 - 18:00 • OPIÐ FÖSTUDAGA 07:45 - 17:00

ÁRAMÓTA BOMBA

TAX FREE
SNYRTIVÖRU DAGAR

29. desember - 4. janúar

HAGKAUP

Snyrtivara

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti

Mikið úrval af **HVÍLDARSTÓLUM**
með og án rafmagns lyftibúnaði

Komið og
skoðið úrvalið

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | **nyform.is**

Jólahappdrætti
Krabbameinsfélagsins

ÚTDRÁTTUR 24. DESEMBER 2020

Birt án ábyrgðar

VINNINGAR

Volkswagen ID.3 Family að verðmæti 5.890.000 kr.
48141

Greiðsla upp í bifreið eða íbúð að verðmæti 1.000.000 kr.
85810 106744 123495

Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun að verðmæti 200.000 kr.

676	32927	59692	85910	102966	122924
940	33960	59711	86007	103343	123689
2656	36022	61785	86320	103572	126445
4352	36459	61929	88632	107944	127606
8831	38450	64432	88732	108390	129095
16143	40396	65727	89379	108673	131010
17713	41049	66167	90576	108777	132222
17829	42072	67608	92993	108976	133826
23624	42226	67730	94402	110733	138070
23677	42699	69881	96738	111124	141445
25218	43319	72304	97861	111579	149362
26105	47078	72628	98408	112066	149676
26842	49754	72653	98582	114077	151105
29407	50623	73314	99502	115572	153897
30579	52468	74638	99677	115986	155599
31001	53600	77699	99811	116397	
31979	57071	78970	99967	117015	
32291	59437	78989	101179	119467	
32640	59601	84727	101411	121435	

Úttekt hjá ferðaskrifstofu eða verslun að verðmæti 100.000 kr.

1895	30134	55591	76471	96356	112208	133066
2947	30966	57839	76922	96903	113147	133800
3287	31370	59016	78454	97267	113663	137768
4747	32777	59814	79121	97416	113843	138098
6081	34376	60161	79570	100331	114001	138170
6122	37448	61689	81033	102361	114880	139210
8068	37752	61767	81764	102502	117587	140538
8629	38538	62396	82788	103091	118165	141757
9815	38592	64154	84341	103458	118965	145057
10470	39995	64681	84394	104374	119848	145820
12132	41386	67028	85458	106722	121542	147894
12910	42455	67193	85698	108745	122942	148098
13438	44103	69430	85944	109050	123783	148934
15219	47144	70931	86913	109333	124739	149282
15844	48809	72663	87499	109379	124854	149540
17447	49822	73416	88419	110676	125150	150992
18257	51754	74120	89266	110786	125657	151247
19432	52095	74470	90577	110876	127070	152699
21718	52098	74507	90667	111113	128431	157040
22809	52670	74941	92006	111145	128488	157305
25411	52927	75367	94596	111287	130157	157408
27823	54695	75442	95076	111980	130254	

Krabbameinsfélagið þakkar landsmönnum veittan stuðning.

Handhafar vinningsmiða framvísi þeim á skrifstofu Krabbameinsfélagsins að Skógarhlíð 8, sími 540 1900.

Byrjað verður að greiða út vinninga þann 8. janúar nk.

krabb.is

Krabbameinsfélagið

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Fyrirhugaðar gjaldskrárhækkanir Sorpu munu auka tekjur fyrirtækisins um 24 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Útiloka ekki að kæra verðhækkanir Sorpu

Samtök iðnaðarins skora á eigendur Sorpu að draga umdeildar gjaldskrárhækkanir, um allt að 260 prósent, til baka. Telja samtökin að engar forsendur liggi fyrir um að kostnaðurinn við að veita umrædda þjónustu hafi aukist.

STJÓRNSÝSLA Samtök iðnaðarins sendu fyrir jól áskorun til stjórnar og eigenda Sorpu bs. um að fallið yrði frá fyrirhuguðum hækkunum á gjaldskrá fyrirtækisins og þess í stað reynt að hagræða í rekstri félagsins. Hin nýja gjaldskrá á að taka gildi þann 1. janúar næstkomandi og með henni er gert ráð fyrir að heildartekjur Sorpu aukist um 24 prósent á næsta ári.

Ekki er vanþörf á enda stendur reksturinn ekki undir sér og því þarf að fylla upp í um 900 milljóna króna gat í rekstrarreikningi næsta árs og 700 milljónir til viðbótar árið 2021. Þó er ekki farin sú leið að hækka verðskrána um 24 prósent á línuna heldur hækka sumir liðir margfalt meira en aðrir. Til að mynda hækkar móttaka á gleri og steinefnum um 267 prósent.

„Þegar um opinberan aðila eins og Sorpu er að ræða þá eiga þjónustugjöld að endurspegla það sem kostar að veita þjónustuna en ekki vera tekjuskapandi. Þrátt fyrir ítrekaðar óskir hafa stjórnendur Sorpu ekki getað sýnt fram á að kostnaður við þjónustuna hafi aukist þannig að það réttlæti þessa gríðarlegu hækkun," segir Lárus M. K. Ólafsson, viðskiptastjóri á framleiðsluviði Samtaka iðnaðarins.

> **Það hefur ekkert breyst í þeirri einföldu þjónustu sem Sorpa veitir okkur.**
>
> Helgi Lárusson, framkvæmdastjóri Endurvinnslunnar

Hann segir afar mikilvægt að forsendurnar liggi fyrir enda hafi skjólstæðingar hans áhyggjur af því að verið sé að rukka þá fyrir kostnað sem fellur til við aðra starfsemi Sorpu, til dæmis rekstur gas- og jarðgerðarstöðvarinnar GAJA. Þá hafi skjólstæðingar áhyggjur af því að verið sé að hækka liði á mörkuðum sem Sorpa er með nánast einokunarstöðu á.

Í áskoruninni kemur einnig fram að Samtök iðnaðarins séu afar ósátt við að hafa ekki fengið að funda með stjórnendum Sorpu fyrr en eftir að ákvörðunin um gjaldskrárhækkunina var tekin. Skora því samtökin enn fremur á eigendur Sorpu að huga að vönduðum stjórnsýsluháttum. „Við erum afar ósátt með að vera kölluð að borðinu eftir að ákvarðanir hafa þegar verið teknar. Það verður að vera samráð við hagsmunaaðila," segir Lárus.

Helgi Lárusson, framkvæmdastjóri Endurvinnslunnar, segir að verðskrárhækkun Sorpu standist enga skoðun. Fyrirtækið taki við um 8 þúsund tonnum af gleri á ári frá Endurvinnslunni. „Það hefur ekkert breyst í þeirri einföldu þjónustu sem Sorpa veitir okkur. Flutningabíll flytur glerið upp eftir, þar sem farmurinn er veginn og honum er síðan sturtað niður í haug. Í flestum tilvikum er síðan ýta notuð til að ýta haugnum til fyrir vegagerð eða annað. Okkar efni kemur hvergi nærri GAJA," segir Helgi. Að hans sögn sé beinn kostnaður Sorpu við að veita þessa þjónustu um 4 milljónir króna á ári.

„Samkvæmt þessari nýju verðskrá mun Endurvinnslan þurfa að greiða um 42 milljónir króna á ári, án virðisaukaskatts, fyrir þessa þjónustu. Raunkostnaðurinn er því 10 prósent af þessari upphæð en óbeinn, óútskýrður kostnaður er 90 prósent."

Helgi segir að ef eigendur Sorpu muni standa við hinar fyrirhuguðu hækkanir verði Endurvinnslan að leita réttar síns í málinu.

bjornth@frettabladid.is.

Vita í hvað stefnir með flugeldasölu

VIÐSKIPTI „Flugeldasala björgunarsveitanna fer svipað af stað og undanfarin ár," segir Hildur Bjarnadóttir, verkefnastjóri fjáraflana hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg. Salan hófst á sunnudag og stendur fram á þrettándann. Alls eru björgunarsveitirnar með hátt í hundrað sölustaði víða um land. Síðustu ár hafa um 600 tonn af flugeldum verið flutt inn og Hildur segir að björgunarsveitirnar flytji inn svipað magn og í fyrra.

Auk flugelda hófu björgunarsveitirnar að selja svokölluð Rótarskot, þá er tré plantað fyrir hvert skot sem er keypt. „Viðtökurnar hafa verið góðar og við höfum plantað hátt í 30.000 trjám í samstarfi við Skógræktarfélag Íslands og fjölmargar deildir þess um land allt," segir Hildur.

> **Viðtökurnar hafa verið góðar og við höfum plantað hátt í 30.000 trjám í samstarfi við Skógræktarfélag Íslands.**
>
> Hildur Bjarnadóttir verkefnisstjóri

Í byrjun árs skilaði starfshópur tillögum um hvernig draga megi úr neikvæðum áhrifum á lýðheilsu og loftgæði vegna mengunar af völdum flugelda. Í haust birti dómsmálaráðherra drög að reglugerðarbreytingu um að sölutímabil flugelda yrði stytt og almenningi aðeins leyft að skjóta upp flugeldum í þrjá daga. Alls bárust 17 umsagnir og er málið í skoðun. Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur segir að reynslan sýni að flugeldum sé skotið upp fyrir utan sölutímabil, ákjósanlegast sé að banna sölu stórra flugelda til almennings því í verstu tilfellum sé mengun sambærileg við verstu náttúruhamfarir.

Reglugerðarbreytingunum hefur verið frestað vegna COVID-19 faraldursins, þá sé mikilvægt að söluaðilar fái ráðrúm til að skipuleggja sig. Aðspurð hvort björgunarsveitirnar séu búnar undir að þetta geti orðið síðasta stóra flugeldaárið segir Hildur svo ekki vera.

„Við vitum alveg í hvað stefnir næstu árin en trúum ekki að þetta sé síðasta stóra flugeldaárið. Við erum alltaf að efla fjáraflanir okkar og finna nýjar fjáröflunarleiðir og má þar nefna til dæmis Bakverði, Skjótum rótum og sjúkrakassasölu." – **ab**

-20 kr.

að auki, fyrir lykil- og korthafa í Vinahópi Olís og ÓB*

Allir sem eru nú þegar með lykil eða kort frá Olís eða ÓB eru sjálfkrafa í Vinahópnum og njóta afsláttar og annarra sérkjara þegar greitt er með lykli eða korti.

Kynntu þér Vinahópinn á olis.is

*Afslátturinn gildir á öllum Olís- og ÓB-stöðvum landsins nema ÓB við Arnarsmára, Bæjarlind, Fjarðarkaup og Hlíðarbraut Akureyri. Þar gildir alltaf lægsta verð ÓB.

olís

Vinur við veginn

Lilja Alfreðsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra

Samdi á ný við Ríkisútvarpið

STJÓRNSÝSLA Rækt við íslenska tungu og aukin áhersla á fræðsluhlutverk Ríkisútvarpsins eru á meðal lykilatriða í nýjum þjónustusamningi mennta- og menningarmálaráðherra við stofnunina sem undirritaður var í gær. Lögð verður áhersla á þjónustu við börn og ungmenni og auk þess mun RÚV verja 12 prósentum af innheimtu útvarpsgjaldi til meðframleiðslu og kaupa á íslensku efni af sjálfstæðum framleiðendum.

Sjálfstæðir framleiðendur eru skilgreindir í nýja samningnum.

Þá verður lögð áhersla á varðveislu og miðlun efnis úr safni RÚV, þjónustu við eldri borgara og þátttöku í þróun máltæknilausna þar sem markmiðið er að íslenska verði nothæf og nýtt í tölvum, tækjum og sjálfvirkum lausnum, til dæmis textun á töluðu máli.

Í samningnum eru skýrð ýmis óljós atriði úr fyrri samningum. Þannig eru sjálfstæðir framleiðendur skilgreindir, réttur RÚV til eignarhlutar í samstarfsverkefnum í samræmi við fjárframlög og greiðslur til listamanna í samstarfsverkefnum. Ekki er gert ráð fyrir því að RÚV hverfi af auglýsingamarkaði en farið er yfir hömlur á þeirri viðveru. Stofnunin skal gæta hófs í birtingu auglýsinga auk þess sem hömlur eru á kostun, rofi þátta, vöruinnsetningu og birtingum á vef. – **þþ**

Aldrei verið jafn mikill munur á verði fyrir póst og fjarskipti

Samkvæmt nýjustu tölum Eurostat, tölfræðistofnunar Evrópu er póst- og fjarskiptakostnaður rúmlega tvöfalt hærri hér á landi en í Evrópu. Fyrir aðeins áratug var Ísland vel undir Evrópumeðaltalinu. Mál Neytendasamtakanna gegn Íslandspósti vegna nýrra gjalda er nú á borði ESA,Eftirlitsstofnunar Evrópu.

Árið 2019 var sett á 400 til 600 króna sendingargjald fyrir pakka sem koma til landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

NEYTENDAMÁL Verðmunur pósts og fjarskipta á Íslandi og Evrópu rauk upp milli áranna 2018 og 2019 samkvæmt tölum Eurostat, tölfræðistofnunar Evrópu. Verð pósts, síma og nets er samkvæmt tölunum 212 prósent af meðaltali Evrópusambandsins og hefur ekkert ríki verið með svo hátt verð frá árinu 2010.

Ísland hefur áður vermt efsta sætið en aldrei með svo miklum mun. Árið 2010 var póst- og fjarskiptaþjónusta mjög ódýr hér, aðeins tæplega 73 prósent af Evrópumeðaltalinu. Árið 2014 fór Ísland yfir meðaltalið og toppaði listann tveimur árum síðar. Árið 2018 var Ísland hins vegar aðeins í áttunda sæti með um 20 prósentum hærri kostnað en Evrópa.

Miklar verðhækkanir hjá Íslandspósti skýra þetta að miklu leyti. Innanlandssending á 20 gramma bréfi kostaði 75 krónur árið 2011 en kostar nú 195 krónur. Um áramótin munu bréfsendingar innanlands, undir tveimur kílóum, hækka um 15 prósent.

Neytendasamtökin hafa staðið í stappi við Íslandspóst vegna verðhækkana á pakkapóst frá útlöndum. „Það komu aukagjöld á allan pakkapóst frá útlöndum, jafnvel þó að Pósturinn hafi borið því við að kostnaðurinn hafi aðeins verið vegna sendinga frá Kína," segir Breki Karlsson formaður samtakanna.

Er þetta hið svokallaða sendingargjald, eða endastöðvargjald, sem er 400 krónur fyrir Evrópusendingar og 600 krónur utan Evrópu. Er þetta fyrir utan umsýslugjaldið og því er móttökugjaldið í heildina minnst 850 og 1.050 krónur.

Ákvörðunin var kærð til Eftirlitsstofnunar Evrópu, ESA. Breki segir að Íslandspóstur hafi ekki svarað og að ESA hafi til 12. janúar til að svara samtökunum um framhaldið.

Þá hafa síma- og netáskriftir einnig hækkað í verði en útreikningurinn er oft á tíðum flóknari vegna síbreytilegra pakkatilboða. Ef einungis er tekin fyrir heimasímaáskrift hefur hún nokkurn veginn staðið í stað. Árið 2011 kostaði mánaðaráskrift 1.790 krónur en kostar nú á bilinu 1.500 til 2.000 krónur.

Það komu aukagjöld á allan pakkapóst frá útlöndum, jafnvel þó að Pósturinn hafi borið því við að kostnaðurinn hafi aðeins verið vegna sendinga frá Kína.

Breki Karlsson, formaður Neytendasamtakanna

Árið 2011 var mánaðargjald farsíma 760 krónur og tímagjald 144. Nú kostar farsímaáskrift án nets 1.800 krónur hjá Símanum og 1.790 hjá Vodafone, sem samanlagt hafa um 70 prósenta markaðshlutdeild. Pakkar með ótakmörkuðu gagnamagni, kosta 9.500 krónur hjá Símanum og 8.490 hjá Vodafone og Nova. **kristinnhaukur@frettabladid.is**

LANDSPÍTALI

Verðlaun

Auglýst er eftir tilnefningum til verðlauna úr Verðlaunasjóði í læknisfræði, stofnuðum af Árna Kristinssyni og Þórði Harðarsyni.

Verðlaunin nema kr 6.000.000

Þau veitast vísindamanni, sem náð hefur framúrskarandi árangri á sviði læknisfræði eða skyldra greina (þ.m.t. líffræði, lyfjafræði, hjúkrunarfræði, sálfræði, sjúkraþjálfunar, lýðvísinda o.s.frv.). Heimilt er að endurnýja fyrri tilnefningar. Frestur til tilnefninga er til 31.01.2021. Tilkynnt verður um verðlaunahafa á Vísindum á vordögum á Landspítala 2021.

Stjórn Verðlaunasjóðs Árna Kristinssonar og Þórðar Harðarsonar, Hellulandi 10. Reykjavík 108 (thordhar@simnet.is).

Vilt þú hrinda góðu verkefni í framkvæmd?

Svanni – lánatryggingasjóður kvenna veitir lán til fyrirtækja í meirihlutaeigu kvenna. Sjóðurinn er í samstarfi við Landsbankann um lánafyrirgreiðslu.

Umsóknarfrestur er til og með **15. febrúar 2021.** Sótt er um á svanni.is.

svanni.is svanni@svanni.is

SVANNI LÁNATRYGGINGA-SJÓÐUR KVENNA

531 7080

Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, glímir við erfiða stöðu.

Yfir sextíu prósent tilfella eru af nýja afbrigðinu

BRETLAND Aldrei hafa fleiri greinst með COVID-19 í Bretlandi en í gær, mánudag. Alls voru skráð 41.385 tilfelli en það er í fyrsta skipti sem þau eru fleiri en 40 þúsund frá því að heimsfaraldurinn hófst. Alls voru 357 dauðsföll skráð auk þess sem 20.426 einstaklingar liggja á sjúkrahúsi vegna sjúkdómsins, sem er einnig metfjöldi.

Þess ber þó að geta að yfirvöld telja að tilfellin hafi mögulega verið fleiri í fyrstu bylgju faraldursins í aprílmánuði en þá hafi innviðir ekki verið nægilega góðir til að taka fleiri próf.

Gríðarlegt álag er á öllum sjúkrastofnunum í Bretlandi en í frétt BBC um ástandið kemur fram að heilbrigðisyfirvöld í Skotlandi og Wales óttist að heilbrigðiskerfi þeirra ráði ekki við álagið. Í fréttinni var haft eftir dr. Katherine Henderson að þó að kerfið myndi ráða við að sinna öllum sjúklingum yrði fórnarkostnaðurinn sá að önnur starfsemi spítalans og aðhlynning sjúklinga sem ekki glími við COVID-19 myndi riðlast.

Rétt fyrir jól var greint frá því að nýtt afbrigði af COVID-19, sem kallað er B117, hefði greinst í Bretlandi og líkur bentu til að væri allt að 56 prósent meira smitandi en fyrri afbrigði. Samkvæmt gögnum frá breskum heilbrigðisyfirvöldum ber hið nýja afbrigði ábyrgð á yfir 60 prósentum af smiti í höfuðborginni London og austur- og suðausturhluta landsins.

Talið er að hlutfall hins nýja afbrigðis af nýsmiti verði allt að 90 prósent um miðjan janúar. Á sama tíma og bresk yfirvöld hafa hafið bólusetningu þjóðarinnar þá er sá möguleiki til staðar að hert verði enn frekar á sóttvarnaaðgerðum í landinu auk þess sem önnur lönd íhuga að setja frekari skorður á ferðalög til og frá Bretlandi. – **þþ**

Umtalsverð fjölgun rússneskra herflugvéla við landamæri NATO

VARNARMÁL Flugsveitir Atlantshafsbandalagsins, NATO, hafa haft afskipti af meira en 400 flugvélum á þessu ári fyrir að fylgja ekki flugáætlunum við landamærin. Í kringum 350 af þeim voru rússneskar herflugvélar og er þetta töluverð aukning frá árinu áður, þegar þær voru tæplega 300.

Í ríkjum NATO er net 40 ratsjárstöðva sem fylgjast með flugvélum, þar af eru fjórar á Íslandi. Um þrisvar á ári koma erlendar flugsveitir hingað til að sinna loftrýmisgæslu með bækistöð á Keflavíkurflugvelli.

» 4 af 40 ratsjárstöðvum NATO eru á Íslandi.

Auk Íslands sinnir NATO loftrýmisgæslu í Eystrasaltsríkjunum og á Balkanskaga. Alls hefur bandalagið 60 orrustuþotur á verði í Evrópu á hverjum tíma. Tvær höfuðstöðvar stýra aðgerðum, Í Þýskalandi fyrir norðurhluta álfunnar og á Spáni fyrir suðurhlutann.

Rússneskar hernaðarvélar fylgja ekki flugáætlun, tilkynna sig oft ekki til flugturna eða gefa til kynna staðsetningu eða hæð. Oana Lungescu, talsmaður NATO, sagði að gæslan væri afar mikilvæg í ljósi þessarar fjölgunar sem meðal annars ógnar almennri flugumferð.

Rússar segja hins vegar að þeim beri ekki nein skylda til þess að tilkynna um ferðir hernaðarvéla yfir hlutlausu hafsvæði. Hafa þeir einnig sakað NATO um að fljúga nálægt landamærum Rússlands til að njósna. **– khg**

Þýski herinn við loftrýmisgæslu á Keflavíkurflugvelli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Araceli Hidalgo. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Fyrst til að fá bóluefni á Spáni

SPÁNN Bólusetningar gegn COVID-19 hófust á Spáni á sunnudag. Fyrst allra til að vera bólsett var Araceli Hidalgo, 96 ára gömul kona sem býr á Los Olmos hjúkrunarheimilinu í Guadalajara og er elsti heimilismaður þar að því fram kemur í El País.

„Guði sé lof. Látum okkur nú sjá hvort við getum losnað við þessa veiru," sagði Araceli eftir að hafa verið sprautuð. Mónica Tapias, 48 starfsmaður heimilisins, fékk síðan næst bólusetningu og eru þær Araceli fyrstar í stærstu bólusetningarherferð Spánar nokkru sinni að sögn El País. „Þetta gerir mig stolta," sagði Mónica sem kvað það hafa verið örlítið óþægilegt að fá sprautuna. „Við viljum að sem flestir verði bólusettir því það hafa svo margir látist. Og það er synd að bóluefnið náði ekki í tæka tíð fyrir þau," bætti hún við. **– gar**

Ísraelskir lögreglumenn fjarlægja mótmælanda. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Mótmæli frá strangtrúuðum

ÍSRAEL Ísraelska lögreglan rannsakar nú atvik í tengslum við mótmæli strangtrúaðra gyðinga í borginni Bnei Brak á sunnudag. Mótmælin beindust að handtöku manns úr þeirra hópi sem neitaði að gegna herþjónustu.

Mótmælendurnir létu margir ófriðlega og lokuðu stofnbraut út úr borginni, beitti lögregla meðal annars háþrýstidælum. Munu mótmælendur hafa kallað lögreglumenn „nasista". Þrettán voru handteknir.

Lögreglukona hefur verið sökuð um að slá einn mótmælenda í höfuðið. Dagblaðið Haaretz hefur eftir lögreglu að hegðun hennar hafi ekki verið viðeigandi. Þá hafa birst myndbönd á samfélagsmiðlum sem sýna reiða ökumenn ganga í skrokk á mótmælendum. **– ab**

ERLENDUR FRÉTTAANNÁLL

SpaceX stóð að fyrstu mönnuðu geimferðinni á vegum einkafyrirtækis.

Joe Biden verður 46. forseti Bandaríkjanna og Kamala Harris 49. varaforseti. Þau munu taka við embættum sínum 20. janúar næstkomandi.

Skógareldarnir á vesturströnd Bandaríkjanna böðuðu San Fransisco í rauðgulri birtu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Átök Asera og Armena í Nagornó-Karabak voru þau hörðustu milli þjóðanna í þrjátíu ár.

Faraldurslituð heimsmynd ársins

Á líðandi ári fann heimsbyggðin öll fyrir þungbærum og víðfeðmum áhrifum heimsfaraldurs. Gríðarlegir skógareldar geisuðu, hatrömm átök brutust út, kynbundnu og kynþáttabundnu ofbeldi var mótmælt og blað var brotið á sviðum geim- og læknavísinda.

Heimurinn brennur

Við síðustu áramót geisuðu enn miklir skógareldar í Ástralíu sem staðið höfðu yfir frá því í september. Eldarnir voru þeir skæðustu í sögunni í álfunni og varð tjón af þeirra völdum gífurlegt. Yfir þrjátíu manns létu lífið í eldunum og eru nokkur hundruð talin hafa látist vegna reykeitrunar. Mörg þúsund heimili eyðilögðust og yfir 18 milljónir hektara af landi brunnu, eða nærri tvöfalt flatarmál Íslands. Þá er talið að yfir milljarður dýra hafi farist. Skógareldar herjuðu einnig á vesturströnd Bandaríkjanna á árinu og lýsti ríkisstjórinn í Kaliforníu yfir neyðarástandi í ágúst. Þar hafði gengið yfir mikil hitabylgja sem skapaði kjöraðstæður fyrir eldana sem voru þeir skæðustu sem geisað höfðu í ríkinu í meira en áratug.

Ólga í Íran

Íranski hershöfðinginn Qasem Soleimani fórst í drónaárás Bandaríkjahers á flugvellinum í Bagdad í upphafi árs. Dauði hans olli mikilli ólgu í Íran og Írak og töldu ýmis ríki að Bandaríkin hefðu gengið of langt með árásinni. Nokkrum dögum síðar létust 176 manns þegar úkraínsk Boeing 737 farþegaþota hrapaði í Íran á leið til Kíev í Úkraínu. Ráðamenn í Bandaríkjunum og Bretlandi fullyrtu að flugskeyti hefði valdið brotlendingunni og öll spjót beindust að Írönum sem neituðu fyrst um sinn sök. Þeir viðurkenndu síðar að hafa skotið þotuna niður fyrir mistök.

Úr neyðarástandi í heimsfaraldur

Í janúarlok lýsti Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO, yfir neyðarástandi á heimsvísu vegna kórónaveirunnar. Þá höfðu átta þúsund tilfelli greinst í 19 löndum og 170 látist af völdum veirunnar, langflest í Kína. Tveimur mánuðum síðar tilkynnti WHO á blaðamannafundi að COVID-19 væri heimsfaraldur. Þá hafði fjöldi smitaðra utan Kína þrettánfaldast á tveimur vikum. Ítalía varð fljótt að þungamiðju faraldursins í Evrópu og varð fjöldi látinna þar fljótt hærri en í Kína. Veiran dreifðist á ógnarhraða um heim allan og undir marslok voru flest staðfest tilfelli hennar í Bandaríkjunum.

Misjöfn viðbrögð

Til að hægja á dreifingu veirunnar gripu stjórnvöld heimsins til ýmissa sóttvarnaaðgerða. Flugsamgöngur voru takmarkaðar um heim allan, fjarlægðarviðmið voru sett og í mörgum löndum þar sem veiran var sérlega skæð var sett á útgöngubann. Fjöldi starfsgreina átti erfitt með að aðlagast breyttum aðstæðum og atvinnuleysi jókst til muna um heim allan. Það tóku þó ekki allir faraldrinum jafn alvarlega, til að mynda líkti Jair Bolsonaro, forseti Brasilíu, henni við væga flensu.

Sýknaður af afglöpum

Öldungadeild Bandaríkjanna sýknaði Donald Trump Bandaríkjaforseta af ákærum um afglöp í embætti. Málaferlin snérust um ásakanir þess efnis að Trump hefði misnotað vald sitt með því að setja 400 milljóna dala fjárhagsaðstoð til Úkraínu á ís gegn því að yfirvöld í landinu hæfu rannsókn á Joe Biden, forsetaefni Demókrata. Alls kusu 52 þingmenn með sýknu en 48 töldu Trump sekan.

Hrun á hlutabréfamörkuðum

Verð á hráolíu féll um meira en 30 prósent þegar Samtök olíuframleiðsluríkja, með Sádí-Arabíu í fararbroddi, hófu verðstríð við Rússland. Þetta var mesta lækkun olíverðs á einum degi síðan í Persaflóastríðinu 1991. Hlutabréfaverð í Evrópu og Asíu hríðféll í kjölfarið og voru viðskipti stöðvuð á bandarískum mörkuðum aðeins fimm mínútum eftir að þeir voru opnaðir.

Mannað geimskot SpaceX

Geimfararnir Doug Hurley og Bob Behnken tóku þátt í fyrstu mönnuðu geimferðinni í yfir áratug þegar geimflauginni Drekanum var skotið á loft frá geimvísindastöð NASA í Flórída. Þar sem flaugin er í eigu fyrirtækisins SpaceX var þetta fyrsta mannaða geimskot á vegum einkafyrirtækis. Síðar á árinu lenti kínverska geimfarið Chang'e-5 á tunglinu til að safna sýnum af yfirborðinu. Það var í fyrsta skipti sem geimfar lenti á tunglinu í 44 ár og í þriðja skipti sem Kínverjar lentu tunglfari.

George Floyd og BLM

Reiðialda braust út í Bandaríkjunum eftir að George Floyd lést í haldi lögreglunnar í Minneapolis. Myndskeið gekk um vefheima þar sem sjá mátti lögreglumann krjúpa á hálsi Floyds með þeim afleiðingum að hann kafnaði. Margir töldu að lögreglumennirnir hefðu beitt Floyd yfirgengilega mikilli hörku þar sem hann var svartur. Í kjölfarið flykktust mótmælendur út á götur í fjölda borga í Bandaríkjunum undir merkjum Black Lives Matter (BLM) til að mótmæla kynþáttabundnu ofbeldi lögreglunnar. Þrátt fyrir að sum mótmælin færu friðsamlega fram kom til átaka á milli mótmælenda og lögreglunnar í mörgum þeirra. Þegar hæst lét voru þjóðvarðlið og Bandaríkjaher kölluð til.

Harvey Weinstein og #metoo

Kvikmyndaframleiðandinn Harvey Weinstein var dæmdur í 23 ára fangelsi fyrir að hafa neytt aðstoðarkonuna Miriam Haley til munnmaka og að nauðga annarri ónafngreindri konu. Alls voru sex konur sem báru vitni í réttarhöldunum gegn Weinstein en frá árinu 2017 hafa meira en 80 konur stigið fram og sakað framleiðandann um ýmis kynferðisbrot. Dómurinn markaði ákveðin vatnaskil en þegar mál Weinsteins kom upp á yfirborðið árið 2017 hratt það af stað hreyfingu kvenna um allan heim undir merkjum #metoo.

Átök í Nagornó-Karabak

Átökin sem brutust út á milli Armena og Asera voru þau hörðustu á milli þjóðanna í þrjá áratugi. Deilan snerist sem áður um yfirráð yfir fjallahéraðinu Nagornó-Karabak, sem er innan landamæra Aserbaísjan en undir stjórn Armena. Ástandið var einkar eldfimt þar sem Armenar eru í hernaðarbandalagi með Rússum á meðan Aserar njóta liðsinnis Tyrkja. Átökin stóðu yfir í um sex vikur og lauk með sigri Asera sem náðu fjölda þorpa á sitt vald. Yfir sex þúsund hermenn létu lífið í stríðinu og tugþúsundir hröktust frá heimilum sínum. Mannréttindavaktin og Amnesty International birtu síðar skýrslur þar sem vitni lýsa stríðsglæpum beggja þjóðanna í stríðinu.

Biden fór með sigur af hólmi

Mikil óvissa einkenndi forsetakosningar í Bandaríkjunum en þegar þær voru afstaðnar virtist ljóst að Joe Biden hefði borið sigur úr býtum. Donald Trump, fráfarandi forseti, neitaði í fyrstu að viðurkenna tap og hélt því fram að um kosningasvindl væri að ræða. Eftir því sem tölur úr fleiri ríkjum voru staðfestar varð niðurstaðan ljósari og Trump gaf eftir. Biden brýtur blað sem elsti forsetinn til að taka við völdum í Bandaríkjunum til þessa, 78 ára gamall, en varaforsetaefni hans Kamala Harris verður fyrsta konan til að gegna embætti varaforseta.

Brexit á aðfangadag

Eftir langar viðræður og sífelldar frestanir náðu samninganefndir Evrópusambandsins og Breta samkomulagi um útgöngusamning Breta úr sambandinu. Samkomulag náðist á aðfangadag, rúmlega fjórum árum eftir að Bretar gengu til þjóðaratkvæðagreiðslu og samþykktu að ganga úr sambandinu. Boris Johnson, forsætisráðherra Breta, fagnaði því að samningurinn væri í höfn og lofaði betri tímum fram undan.

Bólusetning og bjartari tímar

Heimurinn varpaði öndinni léttar þegar tilkynnt var að bóluefni Pfizer og Moderna við COVID-19 hefðu staðist lokaprófanir og að bólusetning heimsbyggðarinnar væri handan við hornið. Sjaldan hafa læknavísindin unnið jafn hratt, en fyrir COVID-19 hafði bóluefni gegn smitsjúkdómi aldrei verið framleitt innan eins árs.

arnartomas@frettabladid.is

KONTOR REYKJAVÍK

BHM

BHM sendir landsmönnum óskir um gleðileg jól og farsælt komandi ár og þakkar samstarfið á vinnumarkaði.

SÉRVALIÐ ÍSLENSKT UNGNAUTAKJÖT

Ferskur aspas

Nauta ribeye

6.999 kr/kg

TAKMARKAÐ MAGN

EINA KJÖTIÐ SINNAR TEGUNDAR Á ÍSLANDI

Venjulega er nautakjöt látið meyrna í 15 daga áður en það er sent í verslanir. Við ákváðum að ganga enn lengra og fengum kjötiðnaðarmeistara til að sérvelja fyrir okkur bita og láta það hægmeyrna. Kjötið var látið hanga á beini í sérhönnuðum kæli í 4 til 6 vikur við 2-4°C. Þessi aðferð gerir það að verkum að það nær einstakri meyrnun og bragðgæðum. Hægmeyrnað er „dry aged“ á frummálinu en ekkert annað kjöt á Íslandi er unnið á þennan hátt í neytendapakkningar. Þetta er eitthvað sem sannir sælkerar og áhugafólk um kjöt má ekki láta framhjá sér fara.

Tengdamömmutungur
Frábærar með ostunum

999 kr/pk

Hágæða Franskir ostar
í miklu úrvali

verð frá **699 kr/stk**

Hagkaups Papriku & chili sulta
og Sultaður rauðlaukur
Tilvalið á ostana

verð frá **549 kr/stk**

Ficacci ferskar ólífur

verð frá **429 kr/stk**

Óáfengt freyðivín

verð frá **1.099 kr/stk**

Joe & Seph´s
Sælkera poppkorn

699 kr/pk

24

Dreifum álaginu - minnkum biðraðir

Við hvetjum viðskiptavini að nýta sér langan opnunartíma eftirfarandi Hagkaups verslana:

- Skeifa og Garðabær - opið allan sólarhringinn.
- Spöng, Eiðistorgi og Akureyri - 08:00 til 00:00 alla daga.

Meira sælkera

Tilbúnar kalkúnafyllingar
Með döðlum og beikoni eða með eplum og beikoni

verð frá **1.299** kr/stk

Smjörsprautað kalkúnaskip

Í rúman áratug hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.

Tilbúin kalkúnasósa
Þarf aðeins að hita

579 kr/stk

Ferskur kalkúnn

Það er gaman að elda kalkún, því möguleikar í fyllingum og meðlæti eru óendanlega margir og ekki skemmir fyrir að kjötið bragðast einstaklega vel. Kjötið er fitusnautt, létt í maga og án nokkurra aukefna.

Waldorf salat

799 kr/stk

Fylltar íslenskar kalkúnabringur

4 gómsætar fyllingar: Osta, beikon & trönuberja, döðlu og amerísk.

HAGKAUP

FRÉTTABLAÐIÐ
SKOÐUN

22 dagar

Björk Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Í dag eru 22 dagar þar til forsetaskipti verða í Bandaríkjunum og Donald Trump víkur fyrir Joe Biden í embætti forseta eins valdamesta ríkis heims.

Víst er að fjölmargir bíða skiptanna með eftirvæntingu þó yfir 74 milljónir Bandaríkjamanna hafi viljað Trump áfram og sjálfur hafi hann ekki verið spenntur fyrir því að skipta um starfsvettvang.

En 22 dagar eru langur tími fyrir tapsáran einstakling sem hefur engu að tapa.

Það hefur lítið farið fyrir Trump frá því ljóst var að baráttan var töpuð og kosningaúrslitakærur þær sem hann batt vonir sínar við runnu út í sandinn. Hann hefur enn ekki viðurkennt úrslitin, ekki óskað eftirmanni sínum velfarnaðar og ekki situr hann opinbera fundi, svo jafnvel ráðgjafar Hvíta hússins klóra sér í hausnum varðandi næstu daga og vikur. Á meðan hann lætur lítið sjá sig verða Twitter-færslur hans þó fleiri og glórulausari.

Enginn veit í raun hvernig valdaskiptin munu verða. En víst er að þau verða ekki hefðbundin.

En þó að Trump hafi farið fremur huldu höfði hefur hann látið til sín taka, meðal annars með því að neita þar til nú um helgina að skrifa undir efnahagsaðgerðir sem samþykktar höfðu verið á þinginu. Aðgerðir til þess fallnar að aðstoða einstaklinga og fyrirtæki í vanda vegna kórónaveirunnar sem hefur sannarlega leikið Bandaríkjamenn grátt.

Einnig hefur hann fyrirskipað fjölmargar vægast sagt vafasamar náðanir. Fyrir hans tilstuðlan er Paul Manafort, hans eigin kosningastjóri sem játaði að hafa logið að yfirvöldum í rannsókninni á tilraunum Rússa til að hafa áhrif á niðurstöður forsetakosninganna, nú laus allra mála. En einnig fjórir menn sem dæmdir voru fyrir stríðsglæpi í Írak þar sem þeir störfuðu fyrir Blackwater, bandarískt öryggisþjónustufyrirtæki, árið 2014. Þess má geta að fyrirtækið var stofnað af Erik Prince, bróður Betsy DeVos, menntamálaráðherra Trump-stjórnarinnar. Og ekki má gleyma Charles Kushner, tengdaföður Ivönku, dóttur forsetans, sem nú þarf ekki lengur að svara fyrir skattsvik og fleiri, sum hver kostuleg, brot.

Á sama tíma og Trump fyrirskipaði náðun spilltra pólitíkusa og stríðsglæpamanna fór hann fram á að aftökum yrði flýtt og hefur nú fyrirskipað fleiri aftökur en nokkur forseti í meira en heila öld.

Samkvæmt stjórnarskrá Bandaríkjanna getur forseti náðað þá sem eru ákærðir fyrir alríkisglæpi og því er Trump í fullum rétti varðandi þessar vafasömu náðanir. Sjálfur má hann eiga von á ákærum fyrir skattsvik og brot í embætti en ekki er ljóst hvort forseti geti náðað sjálfan sig því hingað til hefur ekki reynt á það. Það er eins með það og margt annað í stjórnartíð Trumps, stjórnarskráin hreinlega gerir ekki ráð fyrir slíkum forseta.

Maðurinn sem er frægur fyrir að afbaka raunveruleikann sér í vil er samur við sig. Undanfarið hefur hann helst hitt sérfræðinga í samsæriskenningum og vafasama fyrrverandi ráðgjafa sína og er næsta víst að á þeim fundum eru brugguð mismerkileg ráð.

Síðasti þáttur í Trump-sýningunni er hafinn en honum er hvergi nærri lokið.

Síðasti þáttur í Trump-sýningunni er hafinn en honum er hvergi nærri lokið.

Samsett kaka sem skýtur beint upp með stigmagnandi hraða. Litaðar kúlur sem að skjótast upp og springa í rauð, græn og blá pálmablóm með silfruðu glitrandi leiftri. Rauðar, grænar og bláar stjörnur með gullliituðum brakandi pálmum sem brestur í.

Þú færð Víg Þorvalds á næsta flugeldamarkaði björgunarsveitanna

Halldór

Frá degi til dags

Nottla kóvídd

Vá. Í fyrra voru miklu fleiri. Aaah... já, það er nottla kóvídd. En ég var að fá sms og það er fullt af liði á leiðinni. Ég er að fíla mig. Á ég ekki að ná í drykk fyrir þig? En vesen að við gleymdum grímunum en þær eru allavega í bílnum. Við öndum bara inn. Þetta verður allt í lagi. Sjitt – löggan er komin. Helvítis nasistar. Nenniru samt að fara ekki á gamla HotIce-one reikninginn og verja mig? Plís. Það kom ekki vel út síðast. Við dílum við þetta á morgun. Við púllum þetta saman. Eigum við ekki bara að bjóða öllum heim til okkar? Ha?

Hurðarhúnninn

Eftirvænting þjóðarinnar náði nýjum hæðum í gær. Tvær sjónvarpsstöðvar voru með beinar útsendingar af flugvél að lenda. Reyndar eru flugferðir orðnar svo fátíðar að það sjálft er fréttaefni. Minnir þetta helst á útsendinguna af hurðarhúninum í Höfða, komu handritanna eða Clariol-fótanuddtækjanna. Hinn verðmæti farmur var kynntur af ráðherra fyrir utan Heilsugæslan Total Landscaping. Sérsveitin vaktaði húsið í nótt svo enginn óþolinmóður kúbeinseigandi kæmist í varninginn. Í dag kemur svo í ljós hver verður svo heppinn að fá eintak af PlayStation 5.

Tímamót um áramót

Guðlaugur Þór Þórðarson
utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra

Tveir dagar eru þar til Bretar hverfa að fullu af innri markaði Evrópusambandsins og um leið hættir EES-samningurinn að gilda um Bretland. Þar með lýkur vegferð sem hófst fyrir rúmum fjórum árum með þjóðaratkvæðagreiðslunni þar í landi. Í stað óvissunnar sem ríkti í kjölfar hennar hafa nú allir grundvallarhagsmunir Íslands verið tryggðir.

Í því sambandi vil ég sérstaklega nefna bráðabirgðafríverslunarsamning ríkjanna sem tryggir óbreytt tollkjör vegna vöruviðskipta við þennan mikilvæga útflutningsmarkað okkar og loftferðasamninginn sem þýðir að samgöngur á milli ríkjanna verða áfram greiðar. Þá hafa samningar verið gerðir um búsetu fólks og heimsóknir án vegabréfsáritunar.

Viðræður um fríverslunarsamning við Bretland til framtíðar standa nú yfir og lýkur þeim að óbreyttu fljótlega á komandi ári. Þar erum við í samfloti með Noregi og Liechtenstein.

Á aðfangadag bárust svo þau jákvæðu tíðindi að Bretland og ESB hefðu náð samningnum um framtíðarsamband sitt. Þær lyktir eiga eftir að gagnast okkur á margan hátt og verða um leið gott veganesti í endasprettinum fram undan.

Hvað sem því líður á ýmislegt eftir að breytast 1. janúar en annað ekki. Sem dæmi má nefna að þeir sem flytjast til Bretlands frá og með áramótum þurfa að sækja um dvalarleyfi. Við í utanríkisráðuneytinu höfum í samvinnu við önnur ráðuneyti og stofnanir róið að því öllum árum að koma í veg fyrir að snurða hlaupi á þráðinn í samskiptum ríkjanna, meðal annars með því að upplýsa bæði almenning og fyrirtæki með markvissum hætti.

Ég hvet þau sem stunda viðskipti eða hafa tengsl við Bretland til að kynna sér upplýsingar um hagnýt málefni sem tengjast útgöngunni á Stjórnarráðsvefnum eða hafa samband við okkur í ráðuneytinu. Sérstakur viðbragðshópur verður á vakt vegna áríðandi fyrirspurna sem tengjast útgöngunni.

Þótt enn eigi eftir að hnýta nokkra hnúta er óvissan sem ríkti í upphafi þessarar vegferðar að baki.

Spennandi tímar með margvíslegum tækifærum eru fram undan í samskiptum okkar við Bretland.

Þótt enn eigi eftir að hnýta nokkra hnúta er óvissan sem ríkti í upphafi þessarar vegferðar að baki.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is*
LJÓSMYNDIR: Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Hefur Kuldaboli verið kvaddur?

Árni Gunnarson
fyrrverandi yfirverkfræðingur Hitaveitu Reykjavíkur

Opið bréf til stjórnenda Orkuveitu Reykjavíkur birtist í Fréttablaðinu 15.12.2020 í tilefni af áhyggjum mínum af rekstri Hitaveitu Reykjavíkur. Þriðja árið í röð boðar veitan í fjölmiðlum yfirvofandi vatnsskort þegar spáð er frosti næstu daga.

Starfandi forstöðumaður Hitaveitunnar svaraði bréfi mínu með grein í Fréttablaðinu 17.12.2020. Dylgjur hans um að rekstur Hitaveitunnar á síðustu öld hafi farið fram bak við tjöldin, gagnstætt því sem nú er gert, eru ósannar. Því getur hann einfaldlega komist að með því að skoða blaðaskrif þess tíma eða t.d. fyrir sjöunda áratug síðustu aldar flett upp á bls. 140-141 í „Æviminningum Jóhannesar Zoëga-2006“.

Forstöðumaðurinn svarar númeruðum spurningunum mínum, sem ég endurtek hér ásamt athugasemdum:

1. Spurt var: Hvers vegna var önnur af öflugustu borholum Laugarnessvæðis tekin úr umferð nú í vetur? Svar forstöðumannsins var að nauðsynlegt hafi verið að endurbæta hana. Í Fréttablaðinu 6.11.2020 er ástæðan sögð vera að auka afkastagetu hennar. Spurt er á móti var það nauðsynlegt og áhættunnar virði, sérstaklega þar sem ekkert svigrúm er til álagsaukningar á jarðhitakerfi Laugarness?

2. Spurt var: Eru fleiri borholur á höfuðborgarsvæðinu úr rekstri? Svarið var, þrjár borholur eru með bilaðar dælur og að það er eðlilegt hlutfall. Ég tel að það hlutfall sé í hæsta máta óeðlilega hátt og það á mesta álagstíma veitunnar. Ef tekið er mið af reynslu af endingu djúpdæla, sem voru gangsettar á árunum 1981-85, samtals 52 talsins, þá er meðaltími milli viðgerða sennilega yfir 20 ár. Þá fæst að meðalfjöldi borholudæla sem árlega þarf að viðhalda er um 2,6 talsins. Óeðlilegt að það séu þrjár samtímis.

3. Spurt var: 90 MW olíukyndistöð (9% af heildarafli) Hitaveitunnar á Ártúnshöfða er aflögð, hvers vegna? Svarið var, það er ekki í takt við umhverfisstefnu Hitaveitunnar að kynda með olíu. Það er óskiljanlegt hvers vegna öflug framleiðsluaukning topp- og neyðarafls fyrir jarðhitasvæðin á höfuðborgarsvæðinu er aflögð. Spurt er nú, hvað kemur út úr áhættugreiningu á afhendingaröryggi veitunnar, t.d. ef samband rofnar um lengri tíma við Nesjavelli eða Hellisheiði?

4. Spurt var: Hvers vegna hafa nokkrir af miðlunargeymum veitunnar á Öskjuhlíð verið teknir undir aðra starfsemi? Svarið var, nýr miðlunargeymir er kominn á skipulag í stað tveggja geyma sem hýsa nú náttúrusýningu. Þessi ráðstöfun á miðlunar- og toppaflsgjafa veitunnar (samtals 12.000 m3) er torskilin. Auk þess er vandséð hvernig muni takast að reisa nýjan geymi í sömu hæð við hliðina á hinum.

5. Spurt var: Hvers vegna hefur flutningsgeta Nesjavallaæðar skerst um 18% (70 MW) vegna mistaka í rekstri Nesjavallavirkjunar? Svarið var, það þarf að hreinsa útfellingar í Nesjavallaæð reglulega til að tryggja flutningsgetu hennar. Næsta hreinsun er áformuð 2022. Spurt er nú hvað veldur því að stöðugt falla út óhreinindi inn á rörveggi Nesjavallaæðar, sem flytur upphitað hreint grunnvatn? Halda útfellingar áfram inni í dreifi- og húskerfum veitunnar?

Spurt var einnig hvernig ætlar Hitaveitan að tryggja fullnægjandi afhendingaröryggi næstu áratugina? Forstöðumaður veitunnar upplýsti að „Við getum enn aukið heitavatnsvinnsluna á Hengilssvæðinu. Það eru þó dýr mannvirki, varmastöðvarnar í virkjunum, og að byggja þær áður en þörf er á þeim er enn dýrara“. „Til að tryggja afhendingaröryggi er horft nú til Krísuvíkur...“ Getur það verið hagkvæmt að fara inn á nýtt jarðhitasvæði, Krísuvík, sem er óraskað og órannsakað, í stað þess að sækja viðbótar varmaorku til orkuveranna á Nesjavöllum og Hellisheiði? Þessi framtíðarsýn er óskiljanleg.

Í þessu samhengi tel ég við hæfi og vonandi til eftirbreytni að rifja upp framtíðarsýn Hitaveitunnar í aðdraganda byggingar Nesjavallavirkjunar. Ljóst var þá að lághitasvæðin á höfuðborgarsvæðinu stæðu ekki lengur undir frekari stækkun veitunnar. Aðal hönnunarforsenda virkjunarinnar var að nýta jarðhitann fyrir Hitaveituna sem framtíðar orkulind langt fram á næstu öld. Framleiðsla rafmagns skyldi eingöngu fylgja heitvatnsframleiðslunni hverju sinni. Með þeirri vinnsluaðferð, sem lagt var upp með 1990, nýttist um helmingur af þeirri orku sem tekin var úr borholum svæðisins. Þannig gekk það til ársins 1998 en þá tók stjórn Orkuveitunnar ákvörðum um að snúa vinnslurás virkjunarinnar á hvolf og hefja framleiðslu á rafmagni, aðallega til stóriðju í samkeppni við vatnsafl Landsvirkjunar. Í þremur áföngum var raforkuframleiðslan aukin í núverandi 120 MW, keyrð á fullu afli allt árið. Við það fellur til varmaorka langt umfram þarfir Hitaveitunnar, sem er losuð út í grunnvatnskerfi staðarins, þ.e.a.s. sóað. Árleg meðalnýting á þeirri varmaorku sem er tekin upp úr jarðhitageyminum lækkaði þar með úr tæpum 40-50% í 10-20%.

Þegar Nesjavallavirkjun var gangsett 1991 voru vinnsluholur 13 talsins sem hefðu dugað fyrir um 400 MW varmaafli til Hitaveitunnar, sem virkjunin ásamt aðveituæðinni til Reykjavíkur var hönnuð fyrir að anna. Nú eftir um tveggja áratuga ágenga raforkuframleiðslu hefur þegar þurft að bora 14 vinnsluholur til viðbótar til að vinna upp á móti aflminnkun vegna þrýstingslækkunar í jarðhitakerfinu. Jóhannes Zoëga fyrrverandi hitaveitustjóri skrifaði ítrekað í blöðin 1998 gegn áformum um raforkuframleiðslu umfram þarfir Hitaveitunnar. „Hitaveita Reykjavíkur og íbúar höfuðborgarsvæðisins munu þannig ekki njóta nema lítils hluta Nesjavallavarmans, sem þeim var ætlaður“

Þegar þáverandi forstjóri Orkuveitunnar talaði fyrir ágengri raforkuvinnslu á Nesjavöllum, sjá Mbl. 31.5.1998, benti hann á að „vélasamstæðurnar væru hins vegar hreyfanlegar og geti nýst á öðrum háhitasvæðum ef nauðsyn krefur“. Núverandi forstjóri Orkuveitunnar fullyrti í Silfrinu 13.09.2020 að næg raforka væri til reiðu á landinu, þar af leiðandi gerðist ekki þörf fyrir byggingu nýrra raforkuvera næstu 10 árin. Ég skora á stjórn Orkuveitunnar að nota þetta gullna tækifæri til að draga úr raforkuframleiðslu á Nesjavöllum og hætta þar sóun dýrmætrar varmaorku.

Hversu lengi losar skurðasvæði koltvísýring?

Ingunn Agnes Kro
stjórnarmaður Votlendissjóðs

Þórunn Inga Ingjaldsdóttir
stjórnarmaður Votlendissjóðs

Það að skurðir, garðar séu grónir breytir litlu.

Loftslagsmálin eru sameiginlegt baráttumál okkar allra og við höfum öll áhrif. Því verða þeir sem bera ábyrgð á losun að skoða alla þætti sinnar losunar. Öflugustu leiðirnar til að takast á við loftslagsvandann hérlendis eru að minnka alla losun fyrirtækja, stofnana og heimila, endurheimta votlendi á landi sem er ekki í notkun og græða upp illa farið land og rækta tré. Með þessum þríþættu aðgerðum er gert að sárum, blæðing stöðvuð og það sem út hefur runnið hreinsað.

Skurðir grafnir í votlendi losa gróðurhúsalofttegundir. Um leið og vatn minnkar í jarðveginum kemst súrefni að og skilyrði skapast fyrir örverur til að hefja niðurbrot á lífrænu efni. Við það losnar koltvísýringur. Hraði ferlisins er sá að jarðvegurinn þynnist að meðaltali um hálfan sentimetra á ári. Með öðrum orðum, þá getur metra djúpur skurður losað koltvísýring í 200 ár. (dr. Hlynur Óskarsson, votlendi.is) Skurðir eru hins vegar alla jafna dýpri en svo. Framræsla hófst í einhverju magni upp úr miðri síðustu öld, svo ætla má að flest framræst svæði á Íslandi losi enn gróðurhúsalofttegundir.

Það er þó ekki bara losun úr skurðinum sjálfum. Allt svæðið sem skurðurinn ræsir fram, sem getur verið allt upp í nokkur hundruð metra í hvora átt frá skurðinum, losar koltvísýring. Þar fer aðallosunin fram. Það að skurðir, garðar séu grónir breytir litlu. Þá stöðvar það ekki losunina að gróðursetja tré á framræsta landinu. Á Íslandi eru næg svæði til að endurheimta og gróðursetja í áður en þessar aðferðir þurfa að rekast á.

Til að gæta að skilvirkni í störfum Votlendissjóðsins, fara sérfræðingar Landgræðslunnar yfir og meta jarðir áður en Votlendissjóður hefst handa, til að tryggja að endurheimtin muni skila árangri.

Hægt er að kynna sér gagnsemi endurheimtar votlendis og afla upplýsinga um hvernig má kolefnisjafna akstur sinn eða rekstur á votlendi.is og orkan.is.

Eldra fólk fékk kartöflu í skóinn

Viðar Eggertsson
verðandi eldri borgari í starfsþjálfun

Í desember 2020 fá eingöngu 2.284 einstaklingar ellilífeyri óskertan.

Ríkisstjórn féll á prófinu gagnvart eldri borgurum á aðventunni á lokametrum fjárlagafrumvarpsins.

Fjárlagafrumvarpið fyrir árið 2021 varð að lögum án nokkurra sértækra aðgerða fyrir eldri borgara sem þurfa margir hverjir að búa við verulega skertar tekjur og lifa undir fátæktarmörkum, eða um 6.000 manns.

Talsmenn félaga eldri borgara um allt land og Landssamband eldri borgara hentu út líflínu til ríkisstjórnarinnar á elleftu stundu þegar hefðbundin smánarleg árleg hækkun á ellilífeyri var staðreynd í frumvarpi til fjárlaga, hækkun um 3,6%. Líflínan var byggð á einfaldri og skiljanlegri setningu: „Alþingismenn, hækkið ellilífeyri um 15.750 kr. eins og aðrir fá.“ Launahækkun sem kveðið er á um í hinum víðfræga Lífskjarasamningi sem ríkisstjórnin, Samtök atvinnulífsins og verkalýðshreyfingin gerðu sátt um. Þessi krónutala mun leggjast á öll laun í landinu, há sem lág – nema eftirlaun eldra fólks.

Samkvæmt 69. gr. laga um almannatryggingar ber að taka mið af launaþróun við ákvörðun um upphæðir almannatrygginga. Ellilífeyririnn þarf því að hækka um þessa sömu krónutölu og aðrir fá ef fullnægja á 69. greininni. Hann myndi þá fara úr 256.789 kr. á mánuði í 272.539 kr. sem gerir hækkun um 6,1% í stað þeirra 3,6% sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu og yrði þá í takt við launaþróunina almennt í landinu.

Þessi einfalda og hógværa krafa talsmanna eldri borgara um krónutöluhækkun sem hefði tekið gildi um áramótin, hefði getað bjargað andliti ríkisstjórnarinnar, en hún skellti skollaeyrum við. Jafnvel þegar stjórnarandstaðan bar upp þessa réttmætu kröfu eldri borgara í umræðu um fjárlagafrumvarpið á þinginu, stráfelldi ríkisstjórnin hana – bara sisona til að staðfesta að fullu sinn einarða vilja og sýndi þar með sitt rétta andlit.

Bak við þessa hunsun ríkisstjórnarinnar má lesa í undarlegum fullyrðingum og reiknikúnstum fjármálaráðherra, sem virðist ekki vera neitt sérstaklega talnaglöggur.

Fjármálaráðherra hefur blygðunarlaust haldið því fram á þessu kjörtímabili að ellilífeyrir sé 300.000 kr. á mánuði, þó staðreyndin sé sú að allt þetta ár sé hann eingöngu 256.789 kr. Enn minni árið áður. Og enn minni árið þar áður. Fjármálaráðherra hefur aldrei fengist til að skýra út þessa reiknivillu sína sem hann hefur þó haldið hátt á lofti hvað eftir annað.

Né hefur hann upplýst að það er aðeins örlítill hluti eftirlaunafólk sem fær þessa upphæð óskerta. Í desember 2020 eru það 2.284 einstaklingar, samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins.

Eldri borgarar landsins eru yfir 45.000 talsins. Stærstur hlutinn fær eftirlaun frá almannatryggingum skert meira og minna. Allar launatölur í þessum pistli eru fyrir skatta og skerðingar.

Fjármálaráðherra ástundar samt að fullyrða hvar sem hann kemur því við, að sjaldan hafi verið gert meira fyrir eldri borgara en með veru hans í ráðuneytinu, þó allir sjái að ráðherrann er jafn háðulega nakinn í réttri meðferð talna og keisarinn í ævintýrinu.

Þessi stóri hópur, sem eldri borgarar eru, fékk kaldar kveðjur frá ríkisstjórninni á aðventunni. Ekki aðeins í fjárlagafrumvarpinu. Þegar aðrir hópar í svipaðri stöðu fengu þó einhvern sértækan jólabónus í skóinn til að halda gleðilega hátíð – þá fengu eldri borgarar kartöflu í skóinn.

Forsala á granít garðbekkjum

STEINSMIÐJA AKUREYRAR

Kynningartilboð til áramóta - afhending í byrjun maí.

Viðhaldsfríir garðbekkir úr graníti. 130 cm breiðir ca 140 kg. 3 litir.
Hægt að grafa letur eða logo í bak eða sessu gegn aukagjaldi.

Forsöluverð 200.000 ~~(280.000)~~ - frír flutningur um allt land.
Staðfestingargjald 100.000

steinsmidjaakureyrar.is s: 466 2800 / 899 9370 sala@minnismerki.is

FÓLK

Heimili

ÞRIÐJUDAGUR 29. DESEMBER 2020

Steindi segir að honum líði langbest í látum og veseni eins og er allsráðandi fyrir jólin. Hann segist funkera langbest þegar hann er með svona 30 bolta á lofti og helmingurinn er alveg að fara að detta og það kemur sér vel í jólaundirbúningi. Hann nýtur þess svo að slaka vel á yfir hátíðirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Náttföt og jólaræmur

Steindi Jr. segist njóta jólaundirbúningsins og allra látanna fyrir jólin. Sjálfur er hann yfirleitt á síðustu stundu í jólagjafakaupum og það hefur endað illa. →2

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is

Fylgstu með!

Steindi segir að það besta við jólin sé að upplifa þau gegnum krakkana og fólkið í kringum sig. Hann er á náttfötunum öll jólin og reynir að gera sem minnst. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Framhald af forsíðu

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is

Leikarinn og skemmtikrafturinn Steinþór Hróar Steinþórsson, eða Steindi Jr., er mikið jólabarn og elskar allt veseniið í kringum jólin. Hann segist lifa og hrærast í látum og veseni og reddar alltaf því síðasta á síðustu stundu, sem hann segir að hafi komið aftan að sér. Hann segir að það besta við jólin sé að upplifa þau í gegnum börnin sín og sína nánustu og hlakkar til að liggja yfir lélegum bíómyndum og PlayStation í sykurdái yfir hátíðirnar.

Steindi segir að þó að COVID sé orðið þreytt og leiðinlegt ástand hafi hann sloppið betur en margir. „Ég er að skrifa sjónvarpsseríu sem verður vonandi tekin upp snemma á næsta ári og ég horfi ekki á fótbolta og stunda ekki líkamsrækt, þannig að fyrir mig er þetta nokkurn veginn óbreytt staða," segir hann léttur. „Svo erum við félagarnir í FM95Blö að gefa út nýtt spil, sem heitir Partý Skellur, en það hefur verið í vinnslu í þrjú ár og er þriðja spilið frá okkur. Svo er ég alltaf með streymið Rauðvín og klakar á Twitch á fimmtudagskvöldum og er í útvarpinu á föstudögum."

Best að hafa 30 bolta á lofti

Steindi segir að hann hafi alltaf verið mikið jólabarn, en hann á afmæli 9. desember, þannig að desember hefur alltaf verið mikill hátíðarmánuður.

„Ég er mjög hrifinn af þessu tímabili. Fólk sem er ekki hrifið af jólahátíðinni er yfirleitt að bölva allri traffíkinni og öllu veseninu í kringum þetta, en það er það sem ég lifi og hrærist í," segir Steindi. „Ég funkera langbest þegar ég er með svona 30 bolta á lofti og helmingurinn er alveg að fara að detta. Þetta kemur sér vel á jólunum.

Ég er alltaf á síðasta snúningi. Korter í jól er ég í traffík og á eftir að sækja sex gjafir og finna út úr nokkrum. Ég er undantekningarlaust að þvælast á Þorláksmessu og jafnvel á aðfangadegi að grípa eitthvað. Þetta er jólin mín," segir Steindi. „Konan mín er alltaf að stinga upp á því að vera tímanlega og klára þetta fyrir jólin en þá finnst mér þetta ekki vera nein jól."

Eins og á Pallaballi

„En það hefur líka farið úrskeiðis. Þegar ég var unglingur urðum ég og félagi minn eitt sinn bensínlausir á aðfangadag alveg lengst í burtu, símalausir og allt. Við komum mjög seint heim og maturinn var búinn," segir Steindi. „Einu sinni fyrir mörgum árum var ég líka í bænum á Þorláksmessu og átti sex gjafir eftir en var búinn að fá mér nokkra bjóra. Svo endaði ég með því að gefa mjög skrítnar jólagjafir það árið. Pabbi fékk til dæmis myndina Shazam með Shaquille O'Neal og leðurbuxur. Alveg galin gjöf. En hann hafði bara húmor fyrir þessu og fór í buxurnar.

Ég held að það erfiðasta hafi verið á Þorláksmessu í fyrra. Þá fórum ég og frúin á fæðingardeildina til að fá að vita kynið á barninu okkar. Við fengum miðann og ákváðum að kíkja ekki, heldur vildum við láta gera kynjablöðru og leyfa eldri stelpunni, sem er 6 ára, að sprengja blöðruna. Hún var mjög spennt," segir Steindi. „Það átti að sprengja blöðruna á aðfangadag en þegar ég var á rauðum ljósum á leiðinni heim hvellsprakk hún skyndilega! Það

> **Það voru svo mikil læti og það var svo mikið bleikt konfetti, þetta var bara eins og að vera á Pallaballi. Það fór ofan í naríurnar og sokkana og mælaborðið og inn í miðstöð.**

var búið að setja of mikið í hana. Þetta var agalegt. Það voru svo mikil læti og það var svo mikið bleikt konfetti, þetta var bara eins og að vera á Pallaballi. Það fór ofan í naríurnar og sokkana og mælaborðið og inn í miðstöð, bara alls staðar. Fólk var að horfa á mig í gegnum rúðuna og ég var bara í miðri traffík og gat ekkert gert, algjörlega varnarlaus. Ég þreif bílinn svona 4-5 sinnum til að losna við konfettíið og stelpan er orðin sex mánaða í dag en ég er enn að finna konfettídrasl alls staðar inni á milli.

Ég var svo sár út í sjálfan mig og vissi ekkert hvernig ég ætti að tækla þetta. Mér datt í hug að sækja familíuna og opna bara bílinn. En ég keypti bara nýja blöðru, fyllti hana af smá konfetti og einhverju bleiku og setti smá nammi og dóttir mín sá engan mun," segir Steindi. „Þetta var mjög fyndið en á þessu augnabliki vissi ég að önnur dóttir mín yrði smá jarðýta, fyrst hún lét vita af sér svona. Hún stendur undir því og er mikill orkubolti."

Nýjar hefðir myndast

Steindi segir að það besta við jólin sé að upplifa þau gegnum krakkana og fólkið kringum hann.

„Dóttir mín er líka rosa mikið jólabarn og ég fæ að upplifa stemninguna og spennuna í gegnum hana," segir Steindi. „Svo er líka gott að fá frí og geta spilað PlayStation og taka kósíkvöld og spilakvöld og svona. Ég er á náttfötunum öll jólin og reyni að gera voða lítið.

Það er hefð hjá okkur að vera til skiptis hjá foreldrum mínum eða tengdó, en fyrir þremur árum héldum við svo okkar eigin jól fyrst og þá myndast nýjast hefðir. Hjá okkur eru allir velkomnir og við höfum prófað að taka ein jól þar sem við vorum bara í þægilegum fötum og allir voru í jólapeysum. Það er eitthvað sem ég mæli mjög mikið með," segir Steindi. „Þetta á að vera þægilegt, þú ert að fara að borða yfir þig og taka því rólega.

Þegar ég var yngri var jólatréð alltaf skreytt á Þorláksmessu en núna vil ég helst fá það upp strax um miðjan nóvember, en konan samþykkir ekki að skreyta fyrr en í lok nóvember og svo kemur tréð upp eftir það," segir Steindi. „En það er komið myrkur og þetta er bara mánuður. Það er um að gera að lengja þetta og ég mæli með að gera það áfram, ekki bara í ár. Það skemmir ekki fyrir að lýsa bæinn upp með jólaljósum. Svo er ég líka mikill áramótamaður. Ég hef bara gaman af þessu öllu, aðallega af því að þetta er tími með fjölskyldunni."

Tekur eina slaka jólaræmu

Steindi er ekki með sérstakar gláphefðir um jólin. „Það eru mjög fáar góðar jólamyndir. Mér finnst eiginlega mikilvægara að það sé horft á mynd saman," segir hann. „Þegar ég var krakki fór maður á vídeóleiguna og þá gat maður fengið að hafa myndirnar lengur yfir jólin svo maður tók alltaf svona tíu myndir. Ég reyni svolítið að halda í þá hefð að hrúga familíunni saman í stofuna yfir mynd án þess að neitt sé að trufla og klára myndina, sama hversu vond hún er. Það jafnast ekkert á við að liggja í sykurdái yfir jólasjónvarpsmynd sem fær svona 3 í einkunn á IMDb. Þetta snýst eiginlega mest um það að taka eina slaka jólaræmu bara á kassann.

Mínar uppáhaldsjólamyndir eru ekkert frumlegar, en ég er líka svolítið að reyna að sýna dóttur minni klassísku jólamyndirnar. Ég hef gaman af Home Alone 1 og 2 og Christmas Vacation er klassík. Svo eru myndir eins og Die Hard, Elf, Nightmare Before Christmas, Bad Santa, þetta er allt gött stöff," segir Steindi. „Ég tengi líka Stellu í orlofi og Beetlejuice við jólin og fæ alltaf smá jólafíling af þeim. Ég hef örugglega horft á þær á jólum þegar ég var gutti.

The Grinch er líka í miklu uppáhaldi hjá dóttur minni, sem ræður yfirleitt hvað er horft á, nema maður komi með góða söluræðu. Svo mæli ég sterklega með gay vampírusplattermyndinni Þorsta. Það er í rauninni jólamyndin í ár," segir Steindi og hlær.

Fjör á Twitch um jólin

„Við í Rauðvíni og klökum höfum gefið í yfir hátíðirnar og tekið auka streymi og verið í miklum jólagír að spila PlayStation 5. Við reynum að sinna nördum þjóðarinnar eins og við getum," segir Steindi. „Í grunninn eru þetta bara fjórir hálfvitar að leika sér saman, fólk er ekki að stilla inn fyrir spilamennskuna heldur stemninguna. Við spilum saman oft í viku, en á fimmtudögum leyfum við öðrum að fylgjast með og spjallið er opið. Þetta er stærsta partí landsins á öllum fimmtudagskvöldum og það er líka hægt að horfa á eldri þætti á twitch.tv/raudvinogklakar. Núna yfir jólin höfum við verið duglegir, róterað leikjum og fengið flotta gesti til okkar."

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage,** johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir,** ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Pringles

ÞÚ GETUR UNNIÐ

FULLKOMNA PRINGLES-VEISLU

EÐA 1 AF HUNDRUÐUM VINNINGA*

FULLKOMIN VEISLA

GJAFAKORT FRÁ MÖRGUM SÖLUAÐILUM

NIÐURHAL KVIKMYNDA

TM, ®, © 2020 KELLOGG Europe Trading Limited

*Til að taka þátt skaltu kaupa dós af Pringles, heimsækja Pringles.com og færa inn lotukóðann á milli 28.09.20. og 03.02.21. Til að sjá skilmála og skilyrði um hvernig eigi að taka þátt í heild sinni skaltu heimsækja Pringles.com

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

Nýr 2020 Renault Zoe Intens + 52 KwH rafmagnasbíll. Uppgefin drægni 395 km. Með hraðhleðslu. Leðursæti. 360°myndavélar ofl ofl. Okkar verð: 4.890.000,-

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

PROSTONE

» Smíðavinna
» Múrvinna
» Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780
prostone@prostone.is

Spádómar

SPÁSÍMINN 908 5666
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

job
Finnum draumastarfið saman
Erum við að leita **að þér?**

Skipulagsstofnun

Mat á umhverfisáhrifum

Álit Skipulagsstofnunar

Áframhaldandi efnistaka úr Þórustaðanámu í Ingólfsfjalli í landi Kjarrs, 2. áfangi, Sveitarfélaginu Ölfusi

Skipulagsstofnun hefur gefið álit sitt um mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Álitið liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Borgartúni 7b, Reykjavík. Álitið og matsskýrslu Fossvéla ehf. er einnig að finna á vef stofnunarinnar www.skipulag.is

gott cbd
léttir lífið

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

HotYoga iceland

Vilt þú verða Hot Yoga kennari?

Kynningarfundur 12. janúar 2021
Nánari upplýsingar eru á Hotyoga.is

Námið inniheldur:
• Grunnþekkingu á algengustu yogastöðunum (asanas). • Yoga anatómíu. • Grunnþekkingu á heimspekinni á bak við yogafræðin. • Sögu yoga og kynning á helstu áhrifavöldum og lærimeisturum yoga-tegunda samtímans. • Kennslufræði og tilbúnar æfingaraðir auk leiðbeiningatexta.

Jóhanna Karlsdóttir er frumkvöðull Hot Yoga á Íslandi og hefur 12 ára starfreynslu í faginu. Hún hefur aukið við sig þekkingu á öðrum tegundum yoga eins og Ashtanga yoga og Yin yoga sem var hluti af 500 tíma yoganámi (RYS500) viðurkennt af alþjóðlegu yoga stamtökunum Yoga Alliance.

Jóhanna Karlsdóttir

BIOTHERM MÆLIR MEÐ

BLUE THERAPY RED ALGAE UPLIFT KREM OG SERUM

Líffræðingar Biotherm hafa fangað lífskraft dýrmæts rauðs sjávarþörungs í einstaka formúlu. Eftir því sem við eldumst fækkar collagen og elastin þráðum húðarinnar verulega. Blue Therapy Red Algae Uplift krem og serum hafa sjáanleg yngjandi og styrkjandi áhrif á húðina: Útlínur andlitsins verða skýrari, húðin mýkri, stinnari og með meiri ljóma

BLUE THERAPY AMBER ALGAE REVITALIZE

Blue Therapy Amber Algae Revitalize dagkrem fyrir andlit, háls og bringu sem hentar fyrir þroskaða húð.

Kremið inniheldur einstakan Amber Algae þörung, Life plankton™ auk uppbyggjandi efna. Það er orkugefandi, nærandi, dregur úr öldrunareinkennum og styrkir varnarkerfi húðarinnar.

Húðin verður frísklegri, með meiri ljóma,mýkri og vel nærð.

BLUE THERAPY ACCELERATED KREM

Blue Therapy Accelerated er silkimjúkt, mjög létt, gelkennt krem með sömu virku þörungunum og eru í seruminu.

Kremið „bráðnar" við hitastig nálægt húðhita og gengur því samstundis inn í húðina.

Húðin verður rakanærð, línur minna sjáanlegar, húðin virðist þéttari, húðlitur verður frísklegur og ljómandi og útlínur andlitsins verða skarpari.

BLUE THERAPY EYE-OPENING SERUM

Fyrstu merki öldrunar myndast umhverfis augun.

Þetta endurnýjandi augnserum vinnur gegn hrukkum og dökkum baugum. Dregur verulega úr þrota og þungum augnpokum. Einstök formúla, sem einnig STYRKIR og ÞÉTTIR augnhárin. NÝ tvöföld tækni með BURSTA fyrir augnhárin og STÁLKÚLU fyrir augnsvæðið. Hentar einnig fyrir þá sem nota linsur.

Einnig til augnkrem í línunni.

Draumur frá því að ég man eftir mér

Knattspyrnukonan Sveindís Jane Jónsdóttir mun feta í fótspor Söru Bjarkar Gunnarsdóttur og leika með þýska stórliðinu Wolfsburg. Fyrst mun hún leika með sænska liðinu Kristianstads sem leikur í Meistaradeildinni í fyrsta skipti í sögu félagsins á næsta ári.

FÓTBOLTI Biðinni eftir því að vita hver næsti áfangastaður verður á ferli Sveindísar Jane Jónsdóttur lauk í gær en þá greindi uppeldisfélag hennar, Keflavík, frá því að félagið hefði náð samkomulagi við þýska stórliðið Wolfsburg um félagaskipti hennar þangað.

Sveindís Jane gerir samning við Wolfsburg til ársins 2024 en hún verður lánuð til Íslendingafélagsins Kristianstads út yfirstandandi keppnistímabil. Sveindís sem er aðeins 19 ára gömul hóf feril sinn hjá Keflavík og lék sína fyrstu leiki í meistaraflokki einungis 14 ára gömul.

Fyrir rúmu ári söðlaði Sveindís Jane svo um og fór á láni til Breiðabliks en síðasta sumar skoraði hún 14 mörk í 15 deildarleikjum fyrir Blika sem urðu Íslandsmeistarar. Alls hefur Sveindís spilað 97 leiki í meistaraflokki og skorað í þeim leikjum 69 mörk.

Hjá Kristianstads mun Sveindís Jane leika undir stjórn Elísabetar Gunnarsdóttur og Björns Sigurbjörnssonar og verða liðsfélagi Sifjar Atladóttur. Kristianstads mun á næsta tímabili leika í Meistaradeild Evrópu í fyrsta skipti í sögu félagsins.

„Það er mikill léttir að það sé búið að opinbera þessa ákvörðun þar sem þetta hefur legið í loftinu í svolítinn tíma. Ég er mjög spennt fyrir þessu og þetta hefur verið draumur frá því að ég man eftir mér í fótboltanum," segir Sveindís Jane í samtali við Fréttablaðið um nýja áskorun sína.

„Ég byrjaði reyndar ekki að æfa fyrr en ég var níu eða tíu ára gömul og ég var ekkert sérstök þegar ég byrjaði. Ég bætti mig hins vegar hratt og fljótlega fór mig að dreyma um að spila sem atvinnumaður úti og með landsliðinu. Nú er þetta orðið að raunveruleika og ég er bara mjög spennt fyrir því," segir hún enn fremur.

„Wolfsburg var stærsta félagið sem sýndi mér áhuga og eina félagið sem er líklegt til þess að vera í toppbaráttu næstu árin. Það var ákveðið þegar ég samdi við Wolfsburg að ég færi til Kristianstads á láni fyrsta árið og mér líst bara mjög vel á það. Ég þekki til hjá Kristianstads eftir að hafa æft hjá félaginu fyrir nokkrum árum og svo er þægilegt að hafa íslenska þjálfara og Sif til þess að aðstoða mig í fyrstu skrefunum í atvinnumennskunni," segir þessi sprettharði sóknarmaður.

Það tók Keflvíkinginn Sveindísi Jane aðeins átta mínútur að skora fyrsta mark sitt fyrir A-landsliðið gegn Lettlandi í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Wolfsburg var stærsta félagið sem sýndi mér áhuga og eina félagið sem er líklegt til að vera í toppbaráttu næstu árin.**
>
> Sveindís Jane Jónsdóttir

„Það eru spennandi tímar fram undan hjá Kristianstads. Það verður gaman að spila í sterkari deild og í Meistaradeild Evrópu með liðinu. Þetta er fínt fyrsta skref að fara upp um nokkur getustig áður en ég fer að spila fyrir eitt sterkasta félag heims," segir Sveindís um framhaldið.

Árið hefur verið frábært hjá Sveindísi Jane en auk þess að verða Íslandsmeistari og skrifa undir sinn fyrsta atvinnumannasamning spilaði hún sína fyrstu A-landsleiki á árinu. Sveindís Jane lék fimm leiki með íslenska liðinu og skoraði í þeim leikjum mörk. Hún spilaði stórt hlutverk hjá liðinu í seinni hluta undankeppninnar fyrir EM 2022 og lagði þung lóð á vogarskálar við að koma því á lokakeppni mótsins. **hjorvaro@frettabladid.is**

Frábært skref fyrir Sveindísi

Margrét Lára Viðarsdóttir, markahæsti leikmaður í sögu íslenska landsliðsins og fyrrverandi leikmaður Kristianstads, segir það gott skref fyrir Sveindísi Jane að fara til Kristianstads og að þar verði hún í góðum höndum.

„Ég tel að það að Sveindís sé að fara til Kristianstads á þessum tímapunkti ferilsins sé frábært skref fyrir hana. Að spila fyrir einn besta þjálfara í heimi í einni sterkustu deild í heimi getur ekki verið annað en mjög jákvætt skref fyrir 19 ára gamla knattspyrnukonu.

Flestar af okkar bestu knattspyrnukonum undanfarin ár hafa farið í gegnum sænska skólann og það hefur reynst þeim gæfuríkt skref á þeirra ferli. Sveindís mun bæta lið Kristianstads, en Kristianstads mun líka bæta Sveindísi þannig að mér sýnist þetta vera ansi góður díll fyrir báða aðila."

Íþróttamaður ársins útnefndur í 65. sinn í kvöld

ÍÞRÓTTIR Samtök íþróttafréttamanna tilkynna í kvöld í 65. sinn hvaða íþróttamaður þótti skara fram úr á árinu sem er að ljúka og hlýtur nafnbótina íþróttamaður ársins. Sýnt verður frá útnefningunni í beinni útsendingu á RÚV en vegna samkomutakmarkana er ekki hægt að halda hið árlega hóf. Um leið verður tilkynnt hvaða þjálfari hlýtur nafnbótina þjálfari ársins 2020 og hvaða lið þótti skara fram úr á árinu.

Sex einstaklingar halda sæti sínu meðal tíu efstu þetta árið frá því í fyrra, sundkappinn Anton Sveinn McKee, handboltamaðurinn Aron Pálmarsson, körfuboltamaðurinn Martin Hermannsson og knattspyrnufólkið Glódís Perla Viggósdóttir og Gylfi Þór Sigurðsson. Þetta er þriðja árið í röð sem Martin er meðal tíu efstu en fara þarf lengra aftur í tímann til að finna kjör þar sem Sara og Gylfi voru ekki meðal tíu efstu. Gylfi og Sara eru ásamt Aroni Pálmarssyni einu fyrrverandi handhafar nafnbótarinnar sem koma til greina í kvöld.

Ríkjandi íþróttamaður ársins, Júlían J. K. Jóhannsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þá eru handboltamaðurinn Bjarki Már Elísson, frjálsíþróttamaðurinn Guðni Valur Guðnason, knattspyrnukonan Ingibjörg Sigurðardóttir og körfuboltamaðurinn Tryggvi Snær Hlinason meðal tíu efstu í fyrsta sinn. Af þeim hefur aðeins Guðni Valur hlotið atkvæði áður í kosningunni. Kraftlyftingamaðurinn Júlían J.K. Jóhannsson sem valinn var íþróttamaður ársins á síðasta ári er ekki meðal tíu efstu þetta árið.

Af tíu afreksíþróttamönnum koma flestir úr knattspyrnuhreyfingunni, eða Glódís, Gylfi, Ingibjörg og Sara. Aron og Bjarki eru atvinnumenn í handbolta, Martin og Tryggvi leika í spænsku deildinni í körfubolta en Anton og Guðni eru í einstaklingsíþróttum. Þá eru karlmenn fjölmennari á listanum yfir tíu efstu en sex þeirra eru karlar og fjórar konur.

Þegar kemur að þjálfara ársins stendur valið á milli Arnars Þórs Viðarssonar, fráfarandi þjálfara U21 árs liðs Íslands sem tók við A-landsliði karla á dögunum, Elísabetar Gunnarsdóttur, þjálfara Kristianstad í Svíþjóð sem valin var þjálfari ársins þar í landi fyrr í vetur, og Heimis Guðjónssonar, þjálfara karlaliðs Vals í knattspyrnu.

Í flokki liða ársins eru einnig þrír kandídatar en þar er að finna Íslandsmeistaralið Breiðabliks í knattspyrnu kvenna, kvennalandsliðið í knattspyrnu sem tryggði sér þátttökurétt í lokakeppni EM fjórða skiptið í röð fyrr á árinu og U21 árs drengjalið Íslands sem komst í lokakeppni EM. **– kpt**

BYKO

Þú sérð öll tilboðin á byko.is

ÚTSALAN

er hafin!

Gerðu frábær kaup!

Verslaðu í vefverslun BYKO

SENT HEIM

Frí heimsending er á pöntunum yfir 20.000 kr

Verslaðu á netinu á byko.is

BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN

Afgreiðslutími

Allar verslanir

30. des.	**10:00-20:00**	Miðvikudagur
31. des.	**10:00-15:00**	Gamlársdagur
1. jan.	**Lokað**	Nýársdagur

bónus.is

Hægmeyrnað - 4-6 vikur

ÍSLENSKT LÁTTU ÞAÐ GANGA

5.798 kr./kg

Íslandsnaut Nautaribeye
Hægmeyrnað

Wellington

ÍSLENSKT LÁTTU ÞAÐ GANGA

5.998 kr./kg

Íslandsnaut Wellington nautalund
íslensk innbökuð nautalund - frosin

198 kr./pk.

Hansa Útikerti
2 stk. í pk. - 4-5 klst.

898 kr./pk.

7up Free
4 x 2 ltr.

398 kr./pk.

Britvic Tonic
4 x 200 ml

598 kr./stk.

Freyðivín - óáfengt
750 ml - 2 tegundir

Verð gildir til og með **31. desember** eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

BÓNUS VERÐ
LÆGRI TOLLAR LÆGRA VERÐ

1.598 kr./kg

Kalkúnabringur
frosnar - þýskar

2.798 kr./kg

Andaconfit
1350 g nettóvigt

2.995 kr./kg

Crispy Önd
pakki

1.198 kr./pk.

Hráar Risarækjur
454 g

659 kr./250 g

Berberi Andabringa
Frosin, Frakkland, 250 g

598 kr./pk.

Cheetos Crunchy 227 g
Cheetos Flamin'Hot Crunchy 227 g

2.995 kr./kg

Norðanfiskur Reyktur Lax - Hálf Flök
Norðanfiskur Grafinn Lax - Hálf Flök

Almennur afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:00 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00
Bónus Smáratorgi, Skeifunni og Langholti: Mánudaga-Laugardaga; 10:00-19:00 • Sunnudaga; 11:00-18:00

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

29. DESEMBER 2020 ÞRIÐJUDAGUR

Elsku faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og vinur,

Einar Sigurgeirsson

Álfkonuhvarfi 59, Kópavogi,

lést á Landspítalanum 18. desember. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju miðvikudaginn 30. desember klukkan 13. Í ljósi aðstæðna munu einungis nánustu aðstandendur vera viðstaddir athöfnina.
Útförinni verður streymt á slóðinni promynd.is/einar

Sigríður Einarsdóttir
Geirmundur Einarsson
Elísabet Einarsdóttir
Sindri Sveinsson
Arna Jóhannsdóttir
Ólafur Á. Haraldsson
Steinunn Ingibjörg Bjartmarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og vinur,

Einar Þór Sigurþórsson

rafvirki,
Háamúla í Fljótshlíð,

lést miðvikudaginn 16. desember á Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi. Útförin verður í Hlíðarendakirkju í Fljótshlíð miðvikudaginn 30. desember klukkan 13.00. Aðeins nánustu aðstandendur og vinir verða viðstaddir athöfnina en henni verður streymt á slóðinni: facebook.com/groups/utforeinars

Auður Dóra Haraldsdóttir
Katrín Einarsdóttir
Haukur Þór Valdimarsson
Sölvi Freyr Valdimarsson
Atli Einarsson
Egill Atlason
Arnór Atlason
Sara Atladóttir
Freyr Friðriksson og fjölskylda
Óskar Sveinn Friðriksson og fjölskylda.
Valdimar Grétar Gunnarsson
Harpa Kristjánsdóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

Sverrir Einarsson
Símar allan sólarhringinn:
581 3300 & 896 8242
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er
www.utforin.is
SÍÐAN 1996
ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

HjartaHeill
Minningarkort á hjartaheill.is
eða í síma 552 5744

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Útfararþjónusta í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við andlát og útför ástkærrar móður og tengdamóður,

Ragnhildar Árnadóttur

Barónsstíg 33, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á Miklatorgi á Hrafnistu Laugarási.

Oddur Garðarsson
Racel Eiríksson

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Kristján Einarsson

frá Hjarðarhaga í Aðaldal,

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk 22. desember. Útförin fer fram frá Árbæjarkirkju miðvikudaginn 30. desember klukkan 13. Í ljósi aðstæðna verða aðeins nánustu aðstandendur viðstaddir athöfnina. Streymt verður beint frá athöfninni á slóðinni youtu.be/HRH-ebjnEx0

Bryndís Hlíf Maríasdóttir
Arndís Kristjánsdóttir
Ármann Kristjánsson
Rut Kristjánsdóttir
Kristján Baldursson
Raeanna Skinner

Ástkær móðir okkar ,tengdamóðir, amma og langamma,

Elsa Þórdís Óskarsdóttir

lést 23. desember.
Jarðarförin auglýst síðar.

Eygló Jensdóttir
Dýrleif Skjóldal
Hafdís Skjóldal
Kristján Skjóldal
Björn Austfjörð
Rúnar S. Arason
Nanna Björg Hafliðadóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Soffía Emilía Richter

áður Mánabraut 10, Kópavogi,

lést á Sóltúni hjúkrunarheimili, Reykjavík, föstudaginn 11. desember. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 4. janúar kl. 13. Vegna aðstæðna verða einungis nánustu aðstandendur viðstaddir athöfnina. Streymt verður beint frá athöfninni á slóðinni https://youtu.be/tNt-5PQ8Ajs

María Kristbjörg Ingvarsdóttir
Gunnar Víðir Ingvarsson
Haraldur Baldursson
Kristín Baldursdóttir Romine
Eric Lee Romine
barnabörn og barnabarnabörn.

Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Þórdís Þorvaldsdóttir

fyrrum borgarbókavörður,

andaðist 13. desember að Hrafnistu, Hafnarfirði.

Útför verður 30. desember kl. 13 í Fossvogskirkju, að viðstöddum nánustu ættingjum og vinum. Þeim sem vilja minnast Þórdísar er vinsamlegast bent á góðgerðarsamtök. Streymi frá athöfn á utfor-thordisar.is

Þorvaldur Jónsson
Guðrún J. Bachmann
Gunnar Þór Jónsson
Sigrún Lára Jónsdóttir
Aðalbjörg Þórðardóttir
Leifur Hauksson
ömmubörn og langömmubörn.

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Guðbjörg Svava Eysteinsdóttir

frá Broddadalsá,

lést á Hrafnistu Hafnarfirði þriðjudaginn 22. desember. Útförin verður auglýst síðar.

Gunnhildur Halldórsdóttir
Ásdís Halldórsdóttir
Guðrún Halldórsdóttir
Torfi Halldórsson
Jón Halldórsson
Sigurkarl Ásmundsson
Már Sveinbjörnsson
Unnur Þorgrímsdóttir
barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.

Ástkær sonur minn, bróðir, mágur og frændi,

Sverrir Oddur Gunnarsson

Svöluási 40,
Hafnarfirði,

lést á heimili sínu laugardaginn 19. desember. Útför fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði miðvikudaginn 30. desember kl. 13. Vegna takmarkana í þjóðfélaginu verða einungis nánustu ættingjar og vinir viðstaddir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Ás styrktarfélag. Streymt verður frá athöfninni: youtu.be/JuByerO3YS4

Sigríður Oddný Oddsdóttir
Guðrún Gunnarsdóttir
Valgerður J. Gunnarsdóttir
Gústaf Adolf Björnsson
Stefán Snær Konráðsson
Jakobína Cronin
og fjölskyldur.

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Katrín Sigríður Káradóttir

Færøgade 9,
Hirtshals,

lést í faðmi fjölskyldunnar á Sjúkrahúsinu í Hjørring sunnudaginn 20. desember.

Kári M. Ölversson
Svandís Þ. Ölversdóttir
Erla D. Ölversdóttir
Margrét Karlsdóttir
Konráð Árnason
Guðmundur Pálsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Við þökkum af alhug öllum þeim sem sýnt hafa okkur samúð og vinarhug við fráfall elsku mömmu okkar, tengdamömmu, ömmu og langömmu,

Lilju Hjartardóttur Howser

Hraunvangi 1, Hafnarfirði,
áður Stekkjarkinn 3, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir færum við Þórhildi Sigtryggsdóttur lækni, heimaþjónustu HERU, Líknardeild Landspítalans og heimahjúkrun Hafnarfjarðar. Guð blessi ykkur öll.

Laura Ann Howser
Gunnar Leifsson
Hjörtur Howser
Delia Kristín Howser
barnabörn og langömmubörn.
Renee Howser Polhemus
Ronald J. Polhemus

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055 .

VÍTAMÍN BOMBA

DAGANA 28. DESEMBER - 6. JANÚAR

30% afsláttur

NOW vítamín

30% afsláttur

Wild Nutrition*

*Fæst eingöngu í Skeifunni, Kringlunni, Smáralind og Garðabæ

30% afsláttur

Iceherbs

30% afsláttur

Trace Minerals

30% afsláttur

Bio-Kult

30% afsláttur

KeyNatura

HAGKAUP

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Þriðjudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
0 °C | 2	1 °C | 4	-4 °C | 1
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-6 °C | 5	-4 °C | 6	-5 °C | 9

Breytileg átt 3-8 í dag, en norðvestan 10-15 austast á landinu. Dálítil snjókoma eða él norðvestantil, en yfirleitt þurrt í öðrum landshlutum. Frost 2 til 12 stig, kaldast í innsveitum.

Miðvikudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-4 °C | 3	-6 °C | 2	-5 °C | 2
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-3 °C | 3	-4 °C | 4	-10 °C | 7

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
-5 °C | 1	-4 °C | 2	-2 °C | 1
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
-1 °C | 3	-6 °C | 3	-8 °C | 6

LÉTT

3		9			2			
				7	5	6	9	
	5		8		4			7
	9	3	4		8			5
4	8	1			3			9
		7		6		3	4	
		8	5					
	3		1		9		5	
1				8				

MIÐLUNGS

	1	9	2		5			
			9					4
2	5	7	3	4				
9				5	3			
	2	6						3
3						6		9
5		4		7		2		6
		1				7	4	
					8			

ÞUNG

					7	3		
7			6				9	4
		1		4				6
		4		2	5		8	
6						9	5	
		5	3		9			
				7				
		8				4		
	5	6				2		1

Krossgáta

LÁRÉTT
1 söngleikur
5 færa
6 tveir eins
8 ávöxtur
10 íþróttafélag
11 úthald
12 bónbjargir
13 megn
15 skilgreining
17 letrun

LÓÐRÉTT
1 aukast
2 efnasamband
3 kostur
4 gagn
7 dottinn
9 dyntir
12 híði
14 ferð
16 tveir eins



LÁRÉTT: 1 revía, 5 ýta, 6 ff, 8 melóna, 10 kr, 11 þol, 12 þetl, 13 stæk, 15 tilkun, 17 ritun.
LÓÐRÉTT: 1 rýmkast, 2 eter, 3 val, 4 ætnot, 7 fallinn, 9 óþekkt, 12 þæll, 14 tíur, 16 uu.

Skák Gunnar Björnsson

Jón Kristinn Þorgeirsson (2.314) átti leik gegn Jóhanni Hjartarsyni (2.502) á Friðriksmóti Landsbankans.

21. Rfg5! (eða 17. Reg5). **21... fxg5 22. Rxg5 Dd6 23. Dxh7+ 1-0.**

www.skak.is: Allar nýjustu skákfréttirnar

Hvítur á leik

6	9	2	8	4	5	7	1	3
1	3	4	6	7	2	8	9	5
5	7	8	9	3	1	4	2	6
2	8	7	1	5	3	9	6	4
9	6	5	4	2	8	1	3	7
3	4	1	7	9	6	5	8	2
4	1	3	5	6	9	2	7	8
7	2	9	3	8	4	6	5	1
8	5	6	2	1	7	3	4	9

9	2	7	5	4	8	3	6	1
8	4	5	6	3	1	9	2	7
1	3	6	9	2	7	4	5	8
7	5	2	1	6	3	8	9	4
3	9	8	4	5	2	1	7	6
6	1	4	7	8	9	2	3	5
2	7	1	8	9	5	6	4	3
5	6	3	2	1	4	7	8	9
4	8	9	3	7	6	5	1	2

1	5	4	8	2	6	9	3	7
6	3	7	1	9	5	4	8	2
8	9	2	3	4	7	5	1	6
2	8	6	5	1	9	7	4	3
9	7	5	4	3	8	6	2	1
3	4	1	7	6	2	8	9	5
4	2	8	6	5	3	1	7	9
5	1	9	2	7	4	3	6	8
7	6	3	9	8	1	2	5	4

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Bergþóra er öflug. Kúlur sem springa í rauðar og grænar brakandi glitrandi stjörnur. Því næst gullituð pálmablóm með hvítu og grænu leifturljósi og að lokum gullituð pálmablóm með bláum, rauðum og grænum laufum sem falla niður. Endar á silfurlituðu stjörnuregni með blossum.

SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN

Fáðu blað dagsins sent rafrænt

FRÉTTABLAÐIÐ

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

GRÆJAÐU
ALLT FYRIR
ÁRAMÓTIN HJÁ OKKUR!

– Úrval af góðgæti fyrir sælkera og grænkera –

50% afsláttur

aðeins **1.495** kr/kg

Kalkúnabringur
Erlendar

43% afsláttur

aðeins **5.129** kr/kg

Wellington nautalund

20% afsláttur

aðeins **1.495** kr/stk

Wellington steik
JÖMM - 550 gr

aðeins **799** kr/pk

Coca Cola
4x2 ltr - 3 tegundir

aðeins **1.245** kr/kg

Heill kalkúnn

ÚRVAL DESERTA OG PARTÝRÉTTA

30% afsláttur

Macarons
12 stk/pk

17% afsláttur

Irish Cream Roulade
420 gr

20% afsláttur

Mini donuts
250 gr

31% afsláttur

Mini Belgian Chocolate Eclairs

Iceland

STAÐARBERG OG ENGIHJALLI
Gamlársdagur: opið allan sólarhringinn
Nýársdagur: opið allan sólarhringinn

ARNARBAKKI, GLÆSIBÆR, SELJABRAUT OG VESTURBERG
Gamlársdagur: 07:00 - 19:00
Nýársdagur: 12:00 - 24:00

Verk þar sem fjallað er um þögnina

Finnbogi Pétursson myndlistarmaður sýnir verk á sýningunni Hljóð í Safnaðarhúsi Neskirkju. Stílar sýninguna í kringum Kærleikskúluna 2020. Fékk COVID, var lokaður inni í 33 daga og náði að endurstilla sig.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Sem listamaður hef ég mikinn áhuga á hljóði, segir Finnbogi Pétursson myndlistarmaður sem heldur sýningu í Neskirkju. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Finnbogi Pétursson myndlistarmaður sýnir verk á sýningunni Hljóð í Safnaðarhúsi Neskirkju. Hann er sömuleiðis höfundur Kærleikskúlunnar 2020.

Verkin á sýningu hans eru þrjú, tvö eldri verk og eitt nýtt. „Þessi sýning er búin að standa til mjög lengi en ég var stöðugt að humma hana fram af mér. Þar sem ég er listamaður Kærleikskúlunnar ákvað ég að nota það tækifæri til að sýna verk þar sem ég er að fjalla um þögnina, eins og í Kærleikskúlunni. Það má því segja að ég stíli þessa sýningu í kringum Kærleikskúluna. Sem listamaður hef ég mikinn áhuga á hljóði og þögnin er hluti af því.“

Kærleikskúla hans heitir einmitt þögn og hefur að geyma hljóðupptöku á segulbandi. „Þetta er hljóðupptaka frá Arnarstapa sumarið 1986. Þar hitti ég á augnablik sem ég hef oft hitt á í gegnum tíðina. Maður tekur best eftir því á björtum sumarnóttum þegar allt er kyrrt, það er logn og sjórinn er sléttur og vindurinn kyrr og fuglarnir og flugurnar þagna. Allt þagnar á sama tíma. Maður finnur þrýsting á líkamann og eyrun en heyrir ekkert nema suðið í æðakerfinu í sjálfum sér. Svo byrjar allt upp á nýtt, fluga suðar og vekur spóann og spóinn vekur lóuna og hrossagaukinn og vindurinn fer að gára vatnið.

Ég lá í grasinu og hlustaði eftir þessu og náði að taka upp þetta augnablik þagnarinnar. Í gegnum árin hef ég stöðugt verið með það í huga að ég yrði að nýta þessa upptöku. Svo fékk ég það verkefni að gera Kærleikskúluna og hún er einmitt rétta umgjörðin utan um þessa stund, augnablikskyrrð, ein sekúnda af íslenskri þögn á metra löngu segulbandi.“

Hljóðið eins og steingervingur

Eitt verkanna í Neskirkju er nýtt og þar sýnir hann snældur sem geyma upptökur af útvarpsefni frá 9. áratugnum. „Þetta eru gamlar spólur sem mér áskotnuðust frá útvarpsstöð sem sendi út dægurtónlist allan daginn undir kjörorðinu: Meiri tónlist, minna mas. Þetta er frystur tími, hljóðið er varðveitt eins og steingervingur í formi síns tíma.“

Annað verk er svartur kassi með steini ofan á. „Hugmyndin er vísun í Journey to the Center of the Earth eftir Jules Verne þar sem er farið niður í Snæfellsjökul og komið upp í Stromboli. Steinninn er úr Snæfellsjökli, úr hrauni sem kemur upp á yfirborðið. Í þessu tilfelli endar grjótið úti í fjöru og fjaran sverfur það í þennan sívala stein. Ég tek við og bora inn í miðjuna á steininum. Í þessari miðju er míkrófónn sem tengist inn í lítinn útvarpssendi sem er inni í kassanum og sendir út þögnina úr miðju jarðarinnar, kjarnans, þar sem allt verður til.“

> ÞAR SEM ÉG ER LISTAMAÐUR KÆRLEIKSKÚLUNNAR ÁKVAÐ ÉG AÐ NOTA ÞAÐ TÆKIFÆRI TIL AÐ SÝNA VERK ÞAR SEM ÉG ER AÐ FJALLA UM ÞÖGNINA, EINS OG Í KÆRLEIKSKÚLUNNI.

Þriðja verkið, Traps, samanstendur af þremur kössum á vegg. „Þessi útgáfa er frá árinu 2010 sem ég gerði fyrir sýningu í Bandaríkjunum. Í grunninn eru þessir kassar hljóðgildrur, ég tíðnimæli rýmið inni í kössunum. Annar kassinn er 120 rið meðan mótkassinn er 390 rið. Þetta er þögult verk en einingarnar svara eigin tíðnisviðum í því umhverfi sem þær eru staðsettar í. Þetta er eins konar athvarf fyrir óæskilegar tíðnir.“

Náði að endurstilla sig

Aðspurður segir Finnbogi að það hafi enga sérstaka þýðingu fyrir sig að verkin séu sýnd í samkomusal í kirkju. „Það hefur hins vegar þýðingu að verkin eru sýnd á þessu ákveðna tímabili. Ég fékk COVID í fyrstu bylgju og var lokaður inni í 33 daga sem varð til þess að ég náði að endurstilla mig. Það var mikill hraði í kringum mig, ég var kannski kallaður út með tveggja daga fyrirvara og þurfti að fljúga til Berlínar og setja upp eitt verk og fljúga svo til baka. Kannski lærði ég upp á nýtt að hugsa og spyrja: Hver er raunverulegur tilgangur með þessu?“

PARTÝBÚÐIN

Faxafeni 11, 108 Reykjavík S: 5340534 partybudin.is

Fáðu áramótavöruna heimsenda líka helíumblöðrurnar!

Þurrís til sölu á gamlárs

29.-30. des:
opið til 21

Gamlársdag:
opið til 17

Panta þarf fyrir kl. 15 í dag til þess að fá áramótavöru heimsenda á höfuðborgarsvæðinu

DAGSKRÁ

Þriðjudagur

STJÓRNANDINN

Upplýsandi og fróðleg þáttaröð um konur, fyrirmyndir og fjölbreytileikann í íslensku atvinnulífi í umsjá Huldu Bjarnadóttur.

Þriðjudaga kl. 21:30, bara á Hringbraut.

Íslandsbanki FKA FÉLAG KVENNA Í ATVINNULÍFINU HRINGBRAUT

HRINGBRAUT

20.00 Bókahornið Þátturinn fjallar um bækur af öllu tagi, gamlar og nýjar, með viðtölum við skapandi fólk.
20.30 Lífið er lag Þáttur um málefni fólks á besta aldri sem lifir áskoranir og tækifæri efri áranna. Umsjón Sigurður K. Kolbeinsson.
21.00 21 Jólaúrval Samantekt úr bestu og áhugaverðustu viðtölunum úr Tuttuguogeinum frá liðnum sjónvarpsvetri.
21.30 Blik í auga Blik í auga er viðtalsþáttur þar sem kunnir Íslendingar rifja upp ævi sína og bernskubrek í heimahögum.

RÚV SJÓNVARP

08.00 KrakkaRÚV
08.01 Lestrarhvutti
08.08 Múmínálfarnir
08.30 Konráð og Baldur
08.43 Hið mikla Bé
09.05 Sammi brunavörður
09.15 Flugskólinn
09.37 Kalli og Lóa
09.48 Kátur
10.00 Vaiana prinsessa
11.40 Heimaleikfimi
11.50 Undur tunglsins
12.40 Nýjasta tækni og vísindi
13.10 Rétt viðbrögð í skyndihjálp Blæðing
13.20 Groundhog Day Dagur múrmeldýrsins
15.00 A Dog's Journey Saman að eilífu
16.45 Íþróttaafrek sögunnar Greg Louganis og Michael Chang
17.10 Músíkmolar
17.20 Spaugstofan 2007 - 2008
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Mími og bergdrekinn - Jólasaga
18.25 Kalli og Lóa - Hvað eru miklu fleiri mínútur til jóla?
18.45 Landakort Hversdagsleikinn er lífið
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.40 Íþróttamaður ársins Bein útsending frá vali á íþróttamanni ársins 2020 auk þess sem farið er yfir eftirminnilegustu íþróttaatvik ársins.
20.30 Heragi Tribal Boot Camp
21.20 ABC-morðin ABC Murders - Agatha Christie Árið er 1933 og fyrrverandi rannsóknarlögreglumaðurinn Hercule Poirot verður skotmark morðingja sem sendir bréf með undirsskriftinni ABC.
22.20 Frú Brown lætur allt vaða Mrs. Brown's Boys Unplugged & Unleashed on Air Agnes Brown er söm við sig í þessum rafmagnaða og lifandi þætti þar sem allt getur gerst. Margverðlaunaðir gamanþættir um kjaftforu húsmóðurina Agnesi Brown í Dublin. Höfundur og aðalleikari er Brendan O'Carroll. Atriði í þættinum eru ekki við hæfi ungra barna.
23.00 On the Basis of Sex Á grundvelli kynferðis
00.55 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

09.00 World Golf Championship 2020 Útsending frá FedEx St. Jude Invitational.
14.55 PGA Tour 2020 Útsending frá 3M Open0.
19.55 PGA Highlights 2020
20.45 LET Tour 2020 Útsending frá Ladies European mótaröðinni.

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
10.00 Madagascar. Escape 2 Africa - ísl. tal
11.30 Barnyard - ísl. tal
13.00 Skrímslaskólinn. Leitin að vampíruhjartanu - ísl. tal
14.20 The Block
15.20 Beginners
17.00 The Young and Prodigious T.S. Spivet
18.45 Todmobile ásamt Steve Hackett úr Genesis Upptaka frá stórkostlegum tónleikum Todmobile ásamt Steve Hackett gítarleikara Genesis árið 2015. Tónleikarnir voru teknir upp í Hofi á Akureyri og með þeim á tónleikunum voru Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og kór.
20.00 The Block
21.00 The Bachelorette
22.20 The Bachelorette
23.40 Miss You Already
01.30 Black Sea
03.20 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.03 Hádegið
12.20 Hádegisfréttir
12.42 Hádegiðeftir fréttir
13.00 Dánarfregnir
13.02 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Lofthelgin
15.00 Fréttir
15.03 Frjálsar hendur
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Krakkakastið
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsagan. Atómstöðin (13 af 17)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

10.55 Almost Friends
12.30 Ice On Fire
14.10 Ocean's 8
15.55 Almost Friends
17.35 Ice On Fire
19.10 Ocean's 8
21.00 Ready Player One
23.15 The Great Gatsby
01.35 Sicario 2. Day of the Soldado
03.30 Ready Player One Stórgóð mynd frá 2018 sem gerist árið 2045 og við fylgjumst með hinum unga Wade Watts taka þátt í áskorun í tölvuveröldinni Oasis sem felur í sér að finna svokallað páskaegg sem James Halliday, skapari Oasis, faldi.

STÖÐ 2

08.00 The Goldbergs
08.20 God Friended Me
09.05 Bold and the Beautiful
10.05 Ultimate Veg Jamie
10.55 First Dates
11.40 NCIS
12.35 Nágrannar
12.55 Mugison
14.15 Eldhúsið hans Eyþórs
14.35 Your Home Made Perfect
15.35 Grand Designs
16.20 Friends
16.40 Friends
17.05 Veep
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.10 First Dates
20.00 Shark Tank
20.45 Hell's Kitchen USA
21.30 S.W.A.T.
21.50 Warrior
23.05 Belgravia
23.55 True Detective
00.50 True Detective
01.50 Phantom of the Opera

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.50 Stelpurnar
21.10 The Bold Type
21.55 Game of Thrones
22.55 Game of Thrones
23.55 Slicon Valley
00.30 Friends
00.55 Friends
01.15 Stelpurnar

STÖÐ 2 SPORT

08.25 Lið áratugarins
08.55 Justin Shouse - Kjúklingur og körfubolti
09.45 Norðurálsmótið
10.25 Shell mótið
11.15 N1 mótið
12.00 Rey Cup
12.45 Pæjumótið TM á Siglufirði
13.30 Víðir Reynisson, Frikki Dór og Jón Jónsson
14.00 Hafdís Jónsdóttir og Birgitta Líf Björnsdóttir
14.25 Vilhelm Neto, Benedikt Valsson og Fannar Sveinsson
14.50 Gunnar Helgason, Ragnheiður R, og Edda Hermannsdóttir
15.20 Æft með Gurrý
15.35 Æft með Gurrý
15.45 Heimsleikarnir í Crossfit. Leiðin á toppinn
16.15 Steve Dagskrá
16.50 Steve Dagskrá
17.05 Man in the Middle
18.05 Justin Shouse
18.55 Lið áratugarins
19.30 Lið áratugarins
20.00 Jólamót í Pílu
22.00 Jólamót í Pílu
00.00 Lið áratugarins

STÖÐ 2 SPORT 2

08.10 Hellas Verona - Inter Milan
09.50 AC Milan - Lazio
11.30 Nottingham Forest - Birmingham City
13.10 Watford - Norwich
14.50 Football League Show
15.20 La Liga Show
15.50 Sevilla - Villarreal Beint.
18.05 Barcelona - Eibar Beint.
20.20 Cádiz - Real Valladolid Beint.
22.25 Lokasóknin
22.55 La liga. Top Saves
23.20 La liga. Top Goals
00.15 Ensku deildabikarmörkin
00.40 Levante - Real Betis

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

SÖLUSTAÐIR UM ALLT LAND 2020



FLUGELDAMARKAÐIR BJÖRGUNARSVEITANNA

SÖLUSTAÐIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Reykjavík - Vesturbær
- Risaflugeldamarkaður björgunarstöðinni Gróubúð, Grandagarði 1
- við Sundlaug Vesturbæjar

Seltjarnarnes
- Björgunarstöðin Gaujabúð við Suðurströnd

Reykjavík - Austurbær
- Risaflugeldamarkaður húsi Flugbjörgunarsveitarinnar, við Flugvallaveg
- í Skeifunni
- við Holtagarða
- við Lágmúla
- Skátaheimili Skjöldunga, Sólheimum 21a
- Kringlan (við World Class)

Reykjavík - Grafarvogur
- Spöngin
- Egilshöll

Reykjavík - Breiðholt
- við verslunina Nettó í Mjódd

Reykjavík - Árbær/Höfði
- Risaflugeldamarkaður í Hjálparsveitarhúsinu að Malarhöfða 6
- í Fylkisstúkunni
- Skátamiðstöðin, Hraunbæ 123 (við Bónus)

Reykjavík - Grafarholt
- Húsasmiðjan við Vínlandsleið

Reykjavík - Norðlingaholt
- Norðlingabraut 1

Kópavogur
- Risaflugeldamarkaður björgunar-miðstöðinni við Bryggjuvör, Bakkabraut 4
- Kraftvélar, Dalvegi 6-8
- við Salalaug, Versölum
- Krónan við Vallarkór 4

Garðabær
- Risaflugeldamarkaður við Bæjarbraut
- Kauptún á móti IKEA
- Haukshús á Álftanesi

Hafnarfjörður
- Risaflugeldamarkaður Björgunarmiðstöðinni Hvaleyrarbraut 32 (aðkoma frá Lónsbraut)
- Flatahrauni 48, (við Hvalshúsið)
- Tjarnarvellir

Mosfellsbær
- Björgunarsveitarhúsið, Völuteigi 23
- við KFC

SÖLUSTAÐIR UM ALLT LAND

Akranes
Björgunarmiðstöðin, Kalmansvöllum 2

Borgarnes og Borgarfjörður
Björgunarsveitarhúsið, Borgarbraut 55
Bútæknihúsið á Hvanneyri
Björgunarsveitarhúsið Þorsteinsbúð, Reykholti

Snæfellsnes sunnanvert
Björgunarsveitarhúsið, Laugagerði

Stykkishólmur
Björgunarsveitarhúsið, Nesvegi 1a

Grundarfjörður
Björgunarhúsið, Sólvöllum 17a

Rif
Björgunarstöðin Von, Hafnargötu 1

Búðardalur
Björgunarsveitarhúsið, Vesturbraut 12

Reykhólar
Björgunarsveitarhúsið, Suðurbraut 5

Patreksfjörður
Björgunarsveitarhúsið Sigurðarbúð við Oddagötu

Bíldudalur
Björgunarsveitarhúsið Hafnarbraut 12

Barðaströnd
Brjánslækur

Tálknafjörður
Björgunarsveitarhúsið v/Strandgötu 42b

Súðavík
Björgunarsveitarhúsið, Ákabúð

Ísafjörður
Félagsheimilið Hnífsdal

Bolungarvík
Björgunarsv.húsið, Hafnargötu 60

Flateyri
Félagsheimilinu

Suðureyri
Félagsheimili Súgfirðinga

Þingeyri
Björgunarsveitarhúsið Stefánsbúð

Drangsnes
Björgunarsveitarhúsið, Grundargötu 21

Hólmavík
Rósubúð, Höfðagötu 9

Blönduós
Hafnarbraut 6

Skagaströnd
Í húsi Rauða krossins

Hvammstangi
Björgunarsveitarhúsið Húnabúð, Höfðabraut 30

Hofsós
Björgunarsveitarhúsið við Skólagötu 1, (nýbygging)

Varmahlíð
Björgunarstöðin við Sauðárkróksbraut

Sauðárkrókur
Björgunarsveitarhúsið Sveinsbúð, Borgarröst 1

Siglufjörður
Þormóðsbúð, Tjarnargötu 18

Eyjafjarðarsveit
Hrafnagilsskóli

Ólafsfjörður
Námuvegi 2, (vestanverðu)

Akureyri
Risaflugeldamarkaður í húsnæði björgunarsveitarinnar Súlna, Hjalteyrargötu 12

Grenivík
Björgunarsveitarhúsið Ægisbúð

Dalvík
Gunnarsbraut 4

Hrísey
Björgunarsveitarhúsið, Ægisgötu 13

Grímsey
Björgunarsveitarhúsið

Svalbarðseyri
Valsárskóli

Aðaldalur
Hjálparsveitarhúsið, Iðjugerði 1

Kópasker
Björgunarsv.húsið, Bakkagötu 6

Þingeyjarsveit
Björgunarsveitarhúsið að Stóru-Tjörnum, Melgötu 9

Raufarhöfn
Björgunarsv.húsið Stjörnubúð

Mývatnssveit
Björgunarsveitarhúsið, Múlavegi 2

Þórshöfn
Björgunarsv. húsið Hafliðabúð, Fjarðarvegi 6

Bakkafjörður
Björgunarsveitarhúsið Arnarbúð

Vopnafjörður
Björgunarsveitarhúsið Vogabúð

Egilsstaðir
Björgunarsveitarhúsið, Miðási 1-5

Seyðisfjörður
Björgunarsveitarhúsið, Hafnargötu 17

Eskifjörður
Slysavarnahúsið, Strandgötu 11

Reyðarfjörður
Björgunarsv.húsið Þórðarbúð

Borgarfjörður eystri
Björgunarsveitarhúsið Heiði

Djúpivogur
Sambúð, Mörk 12

Neskaupstaður
Nesgata 6

Breiðdalsvík
Björgunarsv. húsið, Selnesi 8

Fáskrúðsfjörður
Slysavarnahúsið, Grímseyri 9

Hornafjörður
Hús Björgunarfélagsins, Álaugarvegi 9

Kirkjubæjarklaustur
Björgunarstöðin á Iðjuvöllum

Skaftártunga
Björgunarsveitin Stjarnan

Álftaver
Björgunarsveitin

Vík
Björgunarsveitarhúsið, Smiðjuvegi 15

Eyjafjöll
Heimaland
Björgunarsv.húsið, Bræðrabúð

Hvolsvöllur
Björgunarsveitarhúsið, Dufþaksbraut 10

Landeyjar
Björgunarsveitarhúsið Sléttuból

Hella
Flugbjörgunarsveitarhúsið, Dynskálum 34

Vestmannaeyjar
Björgunarfélagshúsið, Faxastíg 38

Flúðir
Björgunarsveitarhúsið, Smiðjustíg 8

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnesi

Biskupstungur
Bjarkarbraut 2, Reykholti

Selfoss
Björgunarmiðstöðin, Árvegi 1
Austurvegi 23

Stokkseyri
Söluskúr við Smiðshús

Eyrarbakki
Björgunarsveitarhúsið, Búðarstíg 21

Hveragerði
Hjálparsveitarhúsið, Austurmörk 9

Reykjanesbær
Björgunarsveitarhúsið, Holtsgötu 51

Sandgerði
Björgunarsveitarhúsið, Austurgarði 4-6 (við höfnina)

Vogar
Björgunarskýlið, Iðndal 5

Garður
Björgunarsveitarhúsið Þorsteinsbúð

Grindavík
Björgunarsveitarhúsið, Seljabót 10

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

Víðtækt starf Slysavarnafélagsins Landsbjargar miðar að því að bjarga mannslífum, verðmætum og koma í veg fyrir slys. Um eitt hundrað sveitir sjálfboðaliða eru til taks allan sólarhringinn, alla daga ársins.

Flugeldasalan er helsta tekjulind björgunarsveitanna og getur skipt sköpum. Tryggðu eigið öryggi og keyptu flugeldana af okkur.

Þú getur einnig verslað flugeldana á www.flugeldar.is

Hátíðleg stemning hjá Ingó Veðurguði

Ingó Veðurguð hefur aldeilis slegið í gegn með þáttunum Í kvöld er gigg, þar sem hann tekur lagið með góðum gestum. Annan í jólum var sérstakur hátíðarþáttur en áramótaþátturinn verður svo sýndur á Stöð 2 á nýársdag.

Ingólfur Þórarinsson, eða Ingó Veðurguð eins og hann er flestum kunnur, hefur slegið í gegn með þættina Í kvöld er gigg sem sýndir eru á Stöð 2. Ingó og bandið slógu upp jólagiggi á annan í jólum þar sem mæðgurnar Helga Möller og Elísabet Ormslev fóru á kostum ásamt Þórdísi Imsland og Rósu Björg, sem mynda saman dúettinn Ómland. Þeir Bjarni Arason og Eyjólfur Kristjánson mættu einnig í öllu sínu veldi.

Stemningin var einstök þar sem rennt var í gegnum helstu slagara gestanna í bland við sígilda smelli úr öllum áttum. Áramótaþátturinn verður sýndur á nýársdagskvöld en þar verða Jónas Sigurðsson, Einar Ágúst Víðisson, Erna Hrönn Ólafsdóttir, Klara Elíasdóttir, Bjartmar Guðlaugsson og Steinþór Hróar Steinþórsson, þekktastur sem Steindi Jr., gestir kvöldsins. Ingó lofar alvöru áramótapartíi sem toppar öll önnur og verður eitthvað sem enginn má missa af að hans sögn. „Þetta er veislan sem landsmenn eiga skilið eftir þetta blessaða ár 2020," segir hann glaður í bragði.

Hann segir einstakan anda hafa svifið yfir öllu við gerð hátíðarþáttanna.

„Stemningin var æðisleg. Það var ótrúlega gaman að sjá alla uppáklædda og hátíðlega, sviðið glæsilegt í takt við það, sem gerði upplifunina enn þá skemmtilegri fyrir listafólkið og vonandi áhorfendur líka. Það sem ég elska við þættina er hvað allt þetta einstaka tónlistarfólk sem við eigum kemur manni sífellt á óvart, stöðugt að sýna á sér nýjar og spennandi hliðar sem er svo gefandi fyrir þakkláta aðdáendur þeirra um land allt sem horfa og hækka í botn," bætir Ingó við.

Það er Glassriver sem framleiðir þættina fyrir Stöð 2 en önnur sería byrjar í janúar og fólk getur því strax farið hlakka til að fá fleiri skemmtilega þætti frá Ingó, bandinu og góðum gestum.

steingerdur@frettabladid.is

Það er algjört einvalalið sem mætir til Ingós í sérstakan hátíðarþátt á nýársdag. MYND/TINNA VIBEKA

Dúettinn Ómland, sem skipuð er söngkonunum Þorbjörgu Imsland og Rósu Björgu Ómarsdóttur, tók lagið með Elísabetu Ormslev í jólaþættinum.

Erna Hrönn Ólafsdóttir og Klara Elíasdóttir létu sig ekki vanta.

Látúnsbarkinn Bjarni Arason og Eyjólfur Kristjánsson voru meðal gesta í jólaþættinum hjá Ingó Veðurguði.

Tónlistarmaðurinn Bjartmar Guðlaugsson og Steindi Jr. eru meðal þeirra sem taka lagið í áramótaþættinum.

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Skoðaðu öll tilboðin
í yfir **100 síðna**
útsölublaði
á **husa.is**

Útsala

Við **berjum** niður verðið

Allt að **60%** afsláttur

sushi social

DJÚSÍ SUSHI
um áramótin

Opið í TAKE AWAY
á gamlársdag frá 12 til 18

TAKE AWAY SUSHIBAKKI
7.990 kr.
32 geggjaðir sushibitar, maki og nigiri
8 bitar laxa maki
8 bitar samba túnfisk maki
8 bitar spicy kjúklinga maki
4 bitar laxa nigiri
4 bitar túnfisk nigiri

DJÚSÍ SUSHIBAKKI
15.990 kr.
60 hrikalega girnilegir djúsi sushibitar, maki og nigiri
10 bitar spider maki
8 bitar surf and turf maki
8 bitar laxa maki
8 bitar hot maguro maki
8 bitar samba túnfisk maki
9 bitar túnfisk nigiri
9 bitar laxa nigiri

Pantaðu í síma **568 6600** eða sendu pöntun með fyrirvara á **sushisocial@sushisocial.is**
Sushibakka þarf að panta fyrir kl. 14.00 og sushirúllur og smárétti fyrir kl. 16.00 fimmtudaginn 31. desember.
Nánar á **sushisocial.is**

SUSHI SOCIAL
Þingholtsstræti 5 • 101 Reykjavík

Brennivínsframleiðandinn Jakob S. Bjarnason ætlaði fyrst að loka verksmiðjunni þegar ferðamennirnir gufuðu upp eins og spíri á hvellsuðuhellu en sneri sér frekar að úrvinnslu á etanóli til útvortis nota. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Veiran breytti vodka í ilmandi handspritt

Jakob S. Bjarnason sneri nánast vonlausri stöðu við með því að draga úr framleiðslu á brennivíni og leggja áherslu á ilmandi handspritt þegar straumur erlendra ferðamanna til landsins stöðvaðist.

Þar sem við höfum byggt afkomu okkar á ferðamönnum varð náttúrlega bara tekjufall hjá okkur í þessu COVID-ástandi öllu saman þannig að við stóðum frammi fyrir því að loka bara búllunni um tíma eða gera eitthvað róttækt," segir Jakob S. Bjarnason, framkvæmdastjóri Foss Distillery, sem er þekkt fyrir birkilíkjörana Björk og Birki og síðar einnig vodka og brennivín kennd við Helvíti.

Etanól, eða vínandi, er þó þeirrar náttúru að úr því má vinna fleira en áfenga drykki og um leið og COVID-19 skrúfaði fyrir eftirspurnina hjá brennivínsframleiðandanum varð sprenging í eftirspurn á sótthreinsispritti.

„Þannig að við fórum í það hérna að þróa handspritt og gerðum það kannski öðruvísi en aðrir," segir Jakob og bendir á að munurinn felist helst í því að Foss blandar ilmkjarnaolíum saman við etanólið sem áður var grunnurinn í vodkanum.

Frá Helvíti í lavenderspritt

„Við þróuðum þetta með ilmefnum," segir Jakob sem fór síðan í samstarf við vinkonurnar Írisi Gunnarsdóttur og Ingu Kristjánsdóttur hjá Mulier Fortis sem dreifir handsprittinu undir merkinu Númer eitt.

„Þarna er í grunninn verið að vinna með sambærilegt hráefni sem er etanólið," segir Jakob sem fór einnig í samstarf við Rekstrarvörur. „Við þróuðum yfirborðshreinsi með þeim en það er ekki gott að nota handsprittið til þess vegna þess að það er fita í því til þess að hlífa höndunum," segir Jakob sem hvarf þannig frá framleiðslu á etanóli til innvortis nota yfir í útvortis.

En gæti ég drukkið þetta ef í harðbakkann slær?

„Nei. Þú getur það ekki," segir Jakob ákveðinn þegar þeim möguleika er velt upp að staupa sig með handsprittinu. „Eða þú getur það en þú ælir því mjög fljótt. Það er sett ísóprópanól í alkóhólið," segir Jakob um leysiefnið sem er vel þekkt í ýmsum iðnaði.

„Ísóprópanól veldur ógleði hjá fólki. Þannig er það nú," heldur Jakob áfram og bendir á að Helvítis vodkinn henti enn mun betur til inntöku. „Þetta er mjög mildur vodki," segir Jakob og bætir við að milt bragðið fáist með því að eima spírann í lofttæmi.

„Það má því segja að það sem átti að fara innvortis fór óvart útvortis en kjarninn í þessu er í raun og veru að þegar ferðamennirnir hverfa þá náttúrlega bara hverfur þessi sala líka."

Brennivínið bíður á meðan sprittinu er sullað á veiruna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **„Það má því segja að það sem átti að fara innvortis fór óvart útvortis en kjarninn í þessu er í raun og veru að þegar ferðamennirnir hverfa þá náttúrlega bara hverfur þessi sala líka.**

Skrúfað fyrir alla krana

Jakob bendir á að 85 prósent af sölunni hafi verið til ferðamanna í gegnum Fríhöfnina, hótel og veitingastaði. Verslanir ÁTVR hafi síðan rekið lestina hvað hans fyrirtæki varðar þannig að faraldurinn skrúfaði fyrir alla hans helstu krana.

„Við stóðum bara frammi fyrir því hérna í lok febrúar eða byrjun mars að skella bara í lás um tíma," segir Jakob og bætir aðspurður við að þrátt fyrir stefnubreytinguna sé enginn skortur á drykkjarvörum fyrirtækisins.

„Nei, nei, nei. Það eru til nægar birgðir á lager sem bíða bara betri tíma og ég held að þetta leiti allt jafnvægis," segir Jakob sem hefur ekki áhyggjur af því að kikna undan álagi þegar veiran fer að hopa undan bóluefnunum.

Gegn straumnum

„Ég geri nú ráð fyrir því að sölukúrfan muni fara niður í sótthreinsivörunum og upp aftur í innvortisvörunum," heldur Jakob áfram og segir fyrirtækið vel í stakk búið til þess að mæta slíkum sveiflum.

„Ég fór svolítið á móti straumnum og fjárfesti í auknum sjálfvirknibúnaði í pökkun þannig að ég er alveg búinn að undirbúa mig fyrir að fara aftur til baka og fyrirtækið kemur bara sterkara út úr þessu COVID-ástandi heldur en það var fyrir COVID," segir Jakob bjartsýnn á framtíðina. **toti@frettabladid.is**

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

Cheerios®
síðan
2006
Sveindís Jane, knattspyrnukona

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

BANVÆN MISTÖK
í íslenska heilbrigðiskerfinu

Fæst í verslunum okkar
á Selfossi og í Ármúla 42

Bókakaffið

BAKÞANKAR

Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

Hver stal desember?

Það er venjulega slæmt fyrir Íslending að vera fjarri heimahögum í desember. Sérstaklega þar sem hinn íslenski desember er ekki mánuður heldur sáttmáli þar sem Íslendingar verða meðvitaðir um að við erum dæmd til að þola þennan drunga vegna víkingavilluráps sem við berum enga ábyrgð á. Því bætum við okkur þetta upp með náungakærleik sem gerir mánuðinn að kærleiksorgíu í kuldanum. Myrkrið skellur á en innra ljós okkar lifnar og allt í einu finnst ekki óelskaður Íslendingur sama hversu djöflast var á fólki á haustdögum.

Það var því vissulega nokkuð áfall að sáttmálinn skyldi rofinn í ár eftir ófyrirgefanlega keppni í svigi við sóttvarnalög. Eftir slíka keppni má náungakærleikur sín lítils frammi fyrir vonbrigðum og gremju, sem skiljanlegt er. Þetta minnir okkur líka á að það stendur ekki aðeins uppá höfuðskepnurnar og forfeðragenin að virða sáttmálann heldur verðum við líka að standa okkar plikt. Ekki varð undran mín minni þegar ég sté svo út í sjö stiga gadd í sveitum Granada og stóð þar allt í einu í hvínandi roki einsog hrísla á Kjalarnesi. Leið mín lá á bókasafnið en þar tók á móti mér kona sem var greinilega af máraættum en angurværð hennar kom frá Möðruvöllum. Þegar ég kom heim gleymdi nágranninn að reykja í lyftunni en óskaði mér þess í stað velfarnaðar, meyr á svip.

Spánverjar hafa greinilega stolið desember! Þeir munu hins vegar skila honum þegar þing hefst en þá getum við framlengt sáttmálann út árið enda eilífðarverk að bæta sér það upp að vera Íslendingur.

Beint í bílinn úr lúgunni

Kvikk ON THE GO | ORKAN

CORNY PROTEIN BAR 45 G
299
KR/STK
6644 KR/KG

Kvikk ON THE GO | ORKAN

★ GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ ★

Óskum viðskiptavinum gleðilegra jóla og pökkum öll viðskiptin á árinu

- starfsfólk Svefns og heilsu

Svefn & heilsa
★★★★★

Allt fyrir góðan svefn og betri heilsu

BALDURSNES 6 - AKUREYRI

LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK

LISTHÚSIÐ - REYKJAVÍK

Framúrskarandi fyrirtæki 2020

2018-2020 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

LISTHÚSINU LAUGARDAL s. 581 2233
BALDURSNESI 6, AKUREYRI s. 461 1150
UMBOÐSAÐILAR Húsgagnaval, Höfn í Hornafirði og Bara snilld, Egilsstöðum | **svefnogheilsa.is**